

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. desember 2022

Mál nr. S-3567/2022:

Héraðssaksóknari

(Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 8. nóvember sl., er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 25. ágúst 2022, á hendur: „X, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir nauðgun, kaup á vændi, sérstaklega hættulega líkamsárás og frelsissviptingu, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 19. apríl 2021, á þáverandi dvalarstað sínum í herbergi í kjallara hússins nr. [...] við [...] í Reykjavík, greitt A, kennitala [...], 50.000 kr. fyrir vændi og eftir að kynlífsþjónustunni lauk varnað A útgöngu úr herberginu og svipt hana frelsi sínu í að minnsta kosti þrjár klukkustundir, en á þeim tíma þvingaði ákærði hana endurtekið, án samþykkis, til samræðis, endaparmsmaka, munnmaka og til að sleikja á honum endaparminn, með því að beita hana ofbeldi og ólögumatri nauðung, en ákærði tók hana að minnsta kosti tvisvar sinnum hálstaki og sló hana endurtekið í andlit og bók, með þeim afleiðingum að A hlaut brot á augntóttargólfi og á vanga- og kinnkjálkabeinum vinstra megin, mar í andliti, á hálsi og á vinstri upphandlegg, húðblæðingar á hálsi og punktblæðingar í andliti og í slímhúðum augna og í munnslímhúð, og yfirborðsáverka í andliti og á bók.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 206. gr., 2. mgr. 218. gr. og 1., sbr. 2. mgr., 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 6.000.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. apríl 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun vegna réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun.“

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af ákæru vegna frelsis-sviptingar og nauðgunar og af líkamsárás að því marki sem hann hefur ekki viðurkennt brotið en til vara að honum verið dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Verði ákærði dæmdur til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar er þess krafist að gæsluvarðhald sem hann sætti vegna rannsóknar málsins verði dregið frá dæmdri refsingu. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði. Ákærði viðurkennir bótaskyldu vegna bótakröfu en krefst þess að bætur verði stórlega lækkaðar.

I

Málsatvik

Brotþoli lagði 19. apríl 2021 fram kæru á hendur ákærða. Kom fram hjá henni að hún væri að vinna sem vændiskona og færi hún til viðskiptavina. Ákærði hefði hringt í hana og beðið hana um að koma og lagt inn á hana 10.000 krónur fyrir leigubifreið til hans. Hann hefði síðan lagt inn á hana alls 40.000 krónur til að greiða fyrir þjónustu hennar og sýndi brotþoli lögreglu staðfestingu á framangreindum greiðslum af reikningi ákærða inn á reikning hennar og kom fram að ákærði hefði gefið henni upp annað nafn en sitt eigið í samtali þeirra. Hún hefði síðan í klukkustund veitt ákærða þá þjónustu sem hann hafði keypt af henni. Um tíu mínútum áður en þessi klukkustund var liðin hefði ákærði fengið sáðlát. Ákærði hefði síðan krafist brotþola um endurgreiðslu og hefði hún þá logið því að honum að peningarnir hefðu ekki farið inn á hennar reikning heldur inn á reikning vinkonu hennar en hann gæti fengið peningana daginn eftir. Sjálf vinni hún undir nafninu B. Ákærði hefði ekki trúað henni. Hefði hann barið hana og tekið af henni símann. Telji hún að ákærði hefði ætlað að drepa hana og sagði hann það ítrekað við hana. Þá hefði hann tekið um háls hennar með báðum höndum og sýndi brotþoli

lögreglu áverka á hálsi sínum. Kvaðst hún hafa haldið að hann hefði haldið takinu í eina til fimm mínútur og taldi að það hefði verið bara ein sekúnda í að hún dæi. Hún hefði ekki misst meðvitund en verið við það og hefði ekki getað andað. Hún hefði öskrað hátt en enginn hefði hringt í lögreglu.

Brotapoli sagði að þetta hefði gerst í herbergi í [...] sem hefði verið mjög lítið en þar hefði verið eitt stórt rúm, stóll og hefðu föt þeirra verið á stólnum. Kvaðst hún hafa legið á rúminu þegar ákærði hélt um háls hennar. Kom fram hjá henni að hún væri um [...] cm á hæð og hefði verið um [...] kg þegar atvik gerðust en ákærði væri stór og sterkur. Þegar hún sagði ákærða að hún gæti ekki millifært greiðsluna til baka til hans hefði hann farið í símann hennar og reynt að millifæra og beðið hana um leyninúmer en hún hefði sagt honum að hún vissi það ekki af því að þetta væri ekki hennar reikningur. Hann hefði ekki trúað henni og þá slegið hana ítrekað með krepptum hnefa, fyrst vinstra megin og síðan hægra megin, ýtt henni á rúmið og löðrungað hana á kinn tvisvar eða þrisvar sinnum. Hefði ákærði verið búinn að missa alla stjórn á sér. Í eitt skiptið hefði það verið mjög sársaukafullt vinstra megin og dregið úr henni allan mátt. Einnig hefði þetta verið sársaukafullt hægra megin en hún hefði ekki brotnað þeim megin. Eftir þetta hefði hann nauðgað henni í endaparm og leggöng. Hún hefði fundið fyrir miklum sársauka en orðið að gera eins og hann sagði og hafði ekki orku til að gera neitt. Hefði ákærði lamið hana alls staðar og hefði hún ekki getað farið í burtu og ekki getað hreyft sig. Ákærði hefði lokað dyrunum og hefði hún reynt að fara að dyrunum en hann náð henni og hafði hún ekkert tækifæri til þess að fara. Ákærði hefði einnig látið hana veita sér munnmök og sleikja á honum rassinn og hún gerði allt sem hann sagði henni að gera. Hann hefði fyrst látið hana veita sér munnmök og sagt henni að setja fingur upp í rassinn á honum, síðan sett hana á rúmið og nauðgað henni í endaparminn og leggöngin án þess að nota verjur. Hefði hann fengið sáðlát í leggöng hennar. Ákærði hefði viljað láta hana þjást, það hefði gert hann graðan og naut hann þess að kvelja hana. Brotapoli sagði að það hefði verið mjög sársaukafullt þegar hann hafði samræði við hana í endaparm. Kvaðst hún ekkert hafa getað gert eftir að hann lamdi hana fyrsta höggið. Ákærði hefði kyrkt hana þrisvar. Nóttin hefði öll verið eins, hann hefði ýmist verið að beita hana kynferðisofbeldi eða lemja hana og þess á milli hefðu þau talað saman og hann þá verið að biðja hana um að millifæra peningana. Hefðu þetta verið þrjár eða fjórar lotur. Hann hefði verið með símann hennar allan tímann og hefði vitað PIN-númer hennar en hún viti ekki hvernig. Ákærði hefði alltaf beðið hana um leyninúmerið áður en hann barði hana.

Brotapoli kvaðst hafa komið til ákærða kl. 02:32 og farið þaðan kl. 07:02. Ákærði hefði sagt henni, um sexleytið, að hringja í vinkonu sína og láta hana millifæra og hefði hún þá hringt í sjálfa sig. Hefði það orðið niðurstaðan að hún lofaði ákærða að hún fengi peningana hjá vinkonu sinni og léti hann hafa þá. Hefði hann ætlast til þess að hún færi án þess að fá símann sinn aftur en á endanum látið hana hafa símann þar sem hún þyrfti hann til að ná peningunum til baka. Kvaðst hún hafa verið edrú þegar þetta gerðist en ákærði hefði notað eiturlyf og hefði verið bjór úti um allt herbergið.

Ákærði hefði ekki beitt hana ofbeldi þegar hún veitti honum kynlífsþjónustu, hann hefði verið mjög árásgjarn án þess að beita hana ofbeldi og hefði hún sagt honum að vera blíðari. Á þeim tíma hefðu þau notað verjur. Hefði ofbeldið byrjað þegar hann bað hana um að skila peningunum. Brotapoli sagði að hún hefði sogið typpið á ákærða í 10–15 mínútur og skömmu seinna hefði hann sagt henni að sleikja á honum rassinn í 5–10 mínútur og síðan hefði hún þurft að endurtaka hvort tveggja. Milli þess hefðu þau talað saman. Þá hefði hann sagt henni að setja fingur í rassinn á honum á meðan hún saug á honum typpið og hefði hún mest sett þangað þrjá fingur. Ákærði hefði tvisvar fengið fullnægingu, einu sinni í leggöng hennar og einu sinni í rassinn. Sagði brotapoli að ákærði hefði haldið í upphandlegginn á henni þegar hann nauðgaði henni um leggöng og hefði hún þá legið á rúminu og sýndi hún lögreglu mar á upphandlegg. Einnig hefði hann beðið hana um að fara í hundastöðuna og hefði hann þá haft samræði við hana um endaparm, mjög harkalega. Hann hefði riðið henni um leggöng tvisvar eða þrisvar með hléum eftir að þjónustu hennar lauk og þrisvar um endaparm. Þau hefðu bæði verið á rúminu þegar þetta gerðist og ákærði ofan á henni en myndi hún ekki hvernig hann hefði verið. Þá hefði ákærði einnig látið hana setjast ofan á typpið á honum. Sagði brotapoli að ákærði hefði vitað að hún vildi þetta ekki. Hann hefði skipað henni fyrir og hefði ekki leyft henni að taka hlé. Í eitt skiptið hefði hún sagt honum að ríða sér svo hún fengi hlé frá barsmíðunum. Þá hefði hún sagt ákærða eitt sinn að drepa sig svo hún myndi losna undan þessum pyntingum.

Eftir að hún komst út hefði hún hringt í leigubifreið og hefði hún þurft að leita að götuheitinu. Þegar hún var að bíða eftir bifreiðinni hefði ákærði komið út að athuga hvað hún væri að gera og hefði hún sýnt honum í símanum að hún hefði hringt í leigubifreið og hann þá farið. Þegar hún ræddi við ákærða hefði hann sagt henni að það væri allt í lagi með andlitið á henni en hún hafði ekki haft tök á að skoða það í spegli. Eftir að hún var sest inn í leigubifreiðina hefði bílstjórinn spurt hana hvað hefði komið fyrir hana og

hún þá séð sjálfa sig í spegli. Bílstjórinn hefði fyrst farið með hana heim til sín til að reyna að finna út hver árásarmaðurinn væri og hefðu þau fundið myndir af honum á Facebook. Síðan hefðu þau reynt að fara á lögreglustöð sem reyndist vera lokuð en farið þá á slysadeild.

Brotapoli gaf skýrslu á ný 23. apríl 2021. Kom þá m.a. fram hjá henni að ákærði hefði haft samband við hana eftir að hafa séð auglýsingu frá henni á vefsíðunni [...], en þar væri hún undir nafninu B, hefðu þau talað saman í um 30 mínútur og hann sent henni skilaboð með heimilisfangi sínu. Brotapoli lýsti herbergi ákærða á ný og sagði að auk rúmsins hefðu verið þar lítill fataskápur, tveir stólar og ruslafata. Hún hefði þurft að pissa og hefði ákærði sagt að hún mætti ekki fara út úr herberginu. Ef hún myndi pissa í rúmið myndi hann drepa hana og hefði hún því pissað í ruslafötuna og það hefði ákærði einnig gert. Kvaðst hún hafa pissað tvisvar eða þrisvar í fötuna. Þá hefði ákærði hótað henni og sagt að hann væri með byssu en hún hefði ekki séð hana. Brotapoli kvaðst hafa verið á horni [...] og [...] þegar leigubifreiðin kom.

Brotapoli kvaðst hafa öskrað mikið en enginn heyrð í henni. Þá kvaðst hún ekki hafa ráðist á ákærða. Staðfesti brotapoli að hún hefði verið tilbúin til að stunda endaparmsmök og auglýst það á vefsíðunni [...] en ekki stunda kynlíf án smokks en þetta væri ekki nefnt þar. Kvaðst hún hafa sagt ákærða að þau ættu að nota smokk þegar þau voru tilbúin til að stunda kynlíf og hefði hún verið með smokka með sér. Kvaðst hún ekki muna hvort þau hefðu rætt það hvort hann mætti hafa endaparmsmök við hana en í auglýsingunni standi að hún sé til í allt. Þá sagði hún rangt hjá ákærða að það hefðu ekki verið nein kynmök á milli þeirra eftir að hún veitti honum þjónustu, að hann hefði einungis haldið henni með kyrkingartaki í um fjórar sekúndur, að hann hefði beðið hana afsökunar og að hún hefði trúað honum fyrir því að hún hefði ekki fengið að borða í marga daga.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins 19. apríl 2021, um kl. 20:00, en áður hafði hann verið skoðaður af lækni. Kom fram hjá honum að hann væri með símanúmerið [...] og væri einhleypur en hann neitaði að tjá sig um ætluð brot.

Skýrsla var tekin af ákærða á ný daginn eftir, 20. apríl 2021. Ákærði kvaðst hafa farið inn á vefsíðuna [...] í þeim tilgangi að kaupa sér vændi, hringt í konu og hún hefði sagt honum hvað hann þyrfti að greiða. Hefði hann greitt henni út af reikningi sínum 40.000 krónur fyrir kynlífið og 10.000 krónur fyrir leigubifreið. Hún hefði síðan komið og þau sofið saman. Það hefði orðið eitthvert vesen þar sem hann hefði talið að hann

hefði lagt tvisvar inn á hana en svo reyndist ekki vera. Eftir að þau höfðu sofið saman hefði hann séð eftir því að hafa eytt þessum peningum þar sem hann hefði ætlað að nota þá til að fara til tannlæknis og séð eftir að hafa keypt vændi. Hann hefði verið orðinn reiður og slegið hana einu sinni á vinstri kinn með handarbaki vinstri handar, en hann væri örvhentur, og hefði hún þá orðið rauð. Síðan hefði hann tekið símann af henni þegar hún neitaði að endurgreiða þetta og reynt að fara inn í heimabankann hennar og síðan hefði hún farið. Hún hefði sagt að þetta hefði farið inn á reikning vinkonu hennar og gæti hún ekki millifært peningana til baka á hann. Kvaðst hann hafa reynt að finna út hvert PIN-númerið væri. Hann sagðist ekki hafa haldið henni, hún mátti alltaf fara, en hann hefði reyndar tekið símann hennar. Kvaðst hann hafa beðið brotaþola afsökunar á því að hafa slegið hana. Þau hefðu talað saman og hún sagt að hún hefði ekki borðað í marga daga og hefði hann sárvorkennt henni og hætt að krefja hana um endurgreiðslu og síðan hefði hún farið.

Ákærði sagði að þau hefðu ekki notað verjur þegar hann keypti af brotaþola kynlífsþjónustu en brotaþoli hefði sagt að það væri í lagi að sleppa því. Þegar hann pantaði brotaþola hefði hann spurt hana hvort hann mætti stunda endaðarmsmök og hún svarað játandi og nefnt upphæð. Hefði hann valið brotaþola en ekki einhverja aðra af því að brotaþoli bauð upp á endaðarmsmök. Kvaðst hann einu sinni hafa fengið sáðlát og hefði það verið í leggöng brotaþola. Eftir að hann sló brotaþola hefði hún ráðist á hann, slegið hann og ýtt honum, og hefði hann þá tekið um háls hennar með annarri hendi, að hann taldi í um fjórar sekúndur. Eftir að hann sló brotaþola hefði ekkert kynlíf átt sér stað á milli þeirra en þá hefði hann verið búinn að fá sáðlát og ekki haft áhuga á meira kynlífi. Kvaðst hann ekki hafa verið undir áhrifum vímuefna þegar atvik gerðust, einungis hafa tekið lyf vegna [...]. Kvaðst hann nokkrum sinnum hafa farið í [...] sem lauk í lok febrúar. Kvaðst ákærði halda að brotaþoli hefði komið til hans á bilinu klukkan hálf tvö til tvö og farið um klukkan fjögur. Hefði hann fylgt henni fram og kvatt hana og taldi að hún hefði verið sótt og hefði hún staðið fyrir utan þegar hann fór inn að sofa.

Ákærða var kynnt að við húsleit hefði lögregla fundið hland í ruslafötu og sagði ákærði að brotaþoli hefði ákveðið að kasta af sér vatni í fötuna af því að hann hefði sagt henni að það væri ekki klósettappír á salerninu frammi. Kvaðst hann ekki hafa bannað henni að fara þangað. Sagði ákærði að það hefði heldur ekki verið til pappír inni hjá honum til að nota. Ákærði kvaðst sjálfur ekki hafa þurft að nota salernið þann tíma sem brotaþoli var hjá honum. Kvaðst ákærði hafa sagt við brotaþola að hún mætti pissa í

fötuna. Þá sagði ákærði að hann hefði tvisvar fengið sáðlát, einu sinni í leggöng brotaþola en viti ekki hvert hann hefði haft sáðlát í hinu tilvikinu.

Borinn var undir ákærða framburður brotaþola hjá lögreglu. Sagði hann rangt að hann hefði tekið hana hálstaki með báðum höndum og haldið í tvær til þrjár mínútur og hún ekki náð andanum á meðan. Einnig væri rangt að hann hefði slegið hana tvö til þrjú högg í andlitið, það hefði einungis verið eitt, og rangt að hann hefði nauðgað henni. Var honum kynnt að brotaþoli hefði sagt að hann hefði, eftir að þjónustu hennar lauk, nauðgað henni tvisvar eða þrisvar í leggöng og endaparm og neytt hana til að hafa við sig munnmök. Sagði ákærði að þetta væri ekki rétt. Þá sagði ákærði að verið gæti að einhver öskur hefðu heyrst í brotaþola þegar hann tók um háls hennar og hefði hann þá stoppað og að það væri rangt að hann hefði ekki leyft henni að fara fyrir en hann hefði verið búinn að fá loforð frá henni um að hún myndi greiða honum daginn eftir. Hann hefði verið búinn að setta sig við að fá ekki endurgreiðslu.

Þá var ákærða kynnt framlagt áverkavottorð vegna brotaþola og sagði ákærði að það kæmi það honum á óvart að hún hefði beinbrotnað í andliti. Kvaðst hann hafa verið orðinn reiður þegar hann sló hana og misst stjórn á sér og verið ógnandi en telji sig ekki hafa meitt hana svona. Einnig var ákærða kynnt lýsing brotaþola á atvikum á Neyðarmóttöku og bráðabirgðaniðurstaða réttarmeinafræðings sem skoðaði brotaþola. Þá sagði ákærði að hann hefði ekki verið edrú umrætt sinn. Hann hefði keypt sér spritt og blandað því í appelsín og drukkið það og þá verið að [...]. Sagði ákærði að áhrifin hefðu verið lítil þar sem hann notaði [...].

Fyrir liggur vottorð sálfræðings, dags. 5. september 2022, vegna brotaþola. Þar kemur fram að brotaþoli hafi hafið viðtöl 27. apríl 2021. Í viðtölunum voru saga og afleiðingar meints kynferðisbrots metnar og fylgst með þróun þeirra. Var áhersla lögð á fræðslu um áfallaeinkenni og sálrænan stuðning til að styrkja bjargráð brotaþola [Heilsufarsupplýsingar]. Vísbendingar voru um að eðlilegt bataferli væri hafið og dró enn frekar úr einkennum hennar eftir það. Þá segir í vottorðinu að brotaþoli hafi verið trúverðug og samkvæm sjálfri sér. Sálræn einkenni hennar í kjölfar áfallsins samsvöruðu einkennum sem þekkt eru hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll, eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Þrátt fyrir eðlilegt bataferli væri líklegt að í framtíðinni þyrfti hún að takast á við áminningar um meint brot í daglegu lífi sínu sem gæti valdið vanlíðan. Þykir ljóst að meint kynferðisbrot hafði víðtæk áhrif á líðan brotaþola.

Húsleit var gerð á dvalarstað ákærða sama dag og atvik gerðust. Í skýrslu um leitina kemur fram að um var að ræða herbergi í kjallara að [...]. Var vettvangur ljósmyndaður, og liggja þær myndir fyrir í málinu, leitað var lífsýna og rúmföt haldlögð. Sérstaklega var leitað að smokkum og fannst enginn. Einnig var leitað í ruslafötu og reyndist einhver hafa kastað af sér vatni í fötuna. Var herbergið um 6 fermetrar að stærð með litlum glugga. Salerni var frammi á gangi og var það hluti af sameign. Gengið er inn í herbergið af stigagangi niður í kjallara og þar til hægri og þegar komið er á enda gangsins er dyr að herberginu til vinstri. Við skoðun á herberginu með fjölbylgjuljósgejala og í gegnum *filteruð* gleraugu, en þannig ættu möguleg lífsýni að vera sýnileg með auganu, fundust lífsýni í laki og sængurveri.

Við aðalmeðferð málsins var lögð fram skýrsla lögreglu með ljósmyndum af hurðarhúni á herbergi ákærða. Þar sést að hægt er að læsa og aflæsa herberginu með læsingu á hurðarhúni inni í herberginu og að ekki er gert ráð fyrir því að þar sé notaður lykill. Einnig eru í skýrslunni ljósmyndir af útgönguleiðum úr herbergi ákærða og uppdráttur af hæðinni í heild.

Við réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða, sem hófst kl. 19:00 þann 19. apríl 2021, reyndist hann vera með nýlega áverka. Annars vegar var um að ræða mar á handlegg sem læknir taldi vera eftir lítinn áverka, stök og lítinn þrýsting á húð, og sár á fingri sem hann taldi vera vegna þess að nöglin hefði rifnað. Við skoðunina voru einnig teknar ljósmyndir af ákærða, hann vigtaður og hæð hans mæld og reyndist hann vera [...] cm á hæð og [...] kg á þyngd. Blóðsýni sem tekið var úr honum við skoðun reyndist ekki innihalda alkóhól. Þá fannst [...] í þvagi ákærða en efnið fannst ekki í blóði hans og etanol var ekki í mælanlegu magni í þvagi.

Brotapoli leitaði til Neyðarmóttöku Landspítalans eftir atvikið og samkvæmt gögnum Neyðarmóttöku hófst læknisskoðun kl. 19:45 þann 19. apríl 2021. Þar er skráð frásögn brotþola og segir þar að hún sé vændiskona og hefði hún farið til viðskiptavinar. Þau hefðu stundað kynlíf en eftir það hefði hann viljað fá endurgreitt en hún sagðist ekki geta gert það. Hann hefði þá orðið reiður og ýtt henni á rúmið og kýlt hana í andlitið og hefði hún þá fengið mikla verki, *dofa og sjokk*. Hefði hann síðan tekið hana kyrkingartaki en hún ekki misst meðvitund. Brotapoli sagði að hún hefði öskrað á meðan á þessu stóð. Ákærði hefði einnig hótað því að drepa hana, tekið af henni símann og reynt að millifæra greiðsluna, nauðgað henni í leggöng og endaparm og beðið hana um að sjúga á sér typpið og sleikja á sér endaparminn. Hún hefði gert allt sem hann bað um og beðið þess að þessu

linnti en kvaðst hafa haldið að hún myndi deyja hjá ákærða. Hann hefði hleypt henni út um klukkan sjö um morguninn og ætlaði ákærði þá ekki að láta hana hafa símann en hún neitaði að fara án hans. Hefði ákærði skilið við hana fyrir utan húsið og hún farið á brott með leigubifreið.

Áverkaskoðun á brotaþola var gerð á bráðamóttöku fyrir komu á Neyðarmóttöku. Kom þá fram hjá henni að þau hefðu einungis notað smokk í fyrsta skipið. Í skýrslu Neyðarmóttöku er merkt við að í frásögn sjúklings hefði eftirfarandi komið fram: kynmök um leggöng og endaparm, getnaðarlimur settur í munn, snerting með getnaðarlim, káfað á kynfærum, brjóstum og rassi, bæði merkt við já og nei við spurningu um það hvort smokkur hefði verið notaður, og sáðlát í leggöng. Þá er ástandi brotaþola lýst svo að við skoðun hefði hún verið mjög þreytt og í sjokki og kom fram að hún hefði haldið að hún kæmist ekki lifandi úr þessum aðstæðum. Hvað varðar tilfinningalegt ástand hennar er merkt við það að hún hefði verið í losti, með óraunveruleikakennd, skýr í frásögn, með skjálfta, hroll og vöðvaspennu. Einnig kemur fram í skýrslunni að hún hefði verið [...] cm á hæð og [...] kg á þyngd og að hún hefði lýst því að hafa verið hjá ákærða frá um klukkan tvö til sjö um nóttina. Þá kemur fram í skýrslunni að skoðun ytri kynfæra, legganga og endaparms hefði ekki sýnt neitt óeðlilegt og engir áverkar sést þar. Einnig hefðu sýni verið tekin til frekari rannsóknar. Blóðsýni sem tekið var úr brotaþola við skoðun reyndist ekki innihalda alkóhól og hvorki í því né þvagsýni reyndust vera ávana- og fíkniefni.

Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings vegna komu brotaþola á Neyðarmóttöku kemur fram að hún hafi komið þangað kl. 18:20 og er þar skráð lýsing brotaþola á atvikum sem er í meginatriðum í samræmi við framangreinda frásögn. Þar er einnig skráð kynferðislegt framferði meints geranda og kemur þar fram að hann hefði haft samfarir við brotaþola um leggöng og endaparm, brotaþoli hefði verið neydd til að sjúga kynfæri hans, hann hefði tvisvar fengið sáðlát í leggöng, hefði snert hana með getnaðarlim og gert tilraun til að nauðga henni. Um andlegt og líkamlegt ástand brotaþola við komu er þar skráð að hún hafi verið í losti, dofin, í tilfinningalegu ójafnvægi, hrædd um líf sitt og mjög þreytt.

Fyrir liggur skýrsla tæknideildar, dags. 28. apríl 2021. Þar kemur fram sú niðurstaða vegna skoðunar á smásjárglerjum sem útbúin voru á Neyðarmóttöku, og merkt voru *Vaginal op*, *Vagina*, *Cervix op* og *Inni í anus*, að á þeim hefðu verið sjáanlegar sáðfrumur. Sýni úr tveimur ljósleitum blettum á innanverðri framhlið á nærbuxum,

rétt framan við klofbót, hefði gefið jákvæða svörun við for- og staðfestingarprófum sem sæði og einnig stroksýni, tekið úr klofbótinni sjálfri. Smásjárýni úr þessum blettum staðfestu að sáðfrumur væru til staðar. Sýni sem tekin voru af pinnum úr öskjum merktum *Ytri barmar* og *Innri barmar* hefðu einnig gefið jákvæða svörun við for- og staðfestingarprófi sem sæði. Smásjárýni, sem útbúin voru úr sýnunum, staðfestu að sáðfrumur væru þar til staðar. Þá liggja fyrir ljósmyndir af áverkum brotaþola sem teknar voru á bráðadeild LSH.

Brotaþoli var skoðuð af réttarmeinafræðingi 20. apríl 2021, daginn eftir að atvik gerðust. Segir í matsgerðinni að brotaþoli hefði upplýst að hún hefði orðið fyrir árás, m.a. í formi kyrkingar. Þá hefði hún sýnt réttarmeinafræðingi hálskart, ofið úr vír, netmunstrað, sem hún sagðist hafa borið þegar atvik gerðust. Reyndist brotaþoli vera með mar á vinstra augnsvæði, vinstri kinn, nefinu, hálsinum og vinstri upphandlegg, með munstraðar húðblæðingar á hálsinum, skrámur á vinstri kinn, brjóstinu og hægri rasskinn, sár á hægri upphandlegg og vinstri löngutöng, punktblæðingar í andliti, í slímhúð augna og í munnslímhúð. Um tilurð áverkanna segir eftirfarandi:

Útlit áverkanna á vinstra augnsvæðinu [...], vinstri hlið nefinsins [...] og vinstri kinninni [...] bendir sterklega til þess að þeir hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi steyps gegnt svæðunum. Útlit og staðsetning áverkanna bendir til þess að krafturinn hafi beinst að svæðunum, líkt og við t.d. högg veitt af öðrum manni.

Útlit áverkanna á hálsinum [...], að teknu tilliti til punktblæðinganna í andlitinu [...], slímhúðum munnsins og augnanna [...], bendir sterklega til þess að þeir hafi komið til við sljóan umlykjandi kraft gegnt hálsinum og að krafturinn hafi verkað drjúga stund.

Útlit áverkanna bendir til þess að þeir hafi komið til við tak annars manns um hálsinn.

Útlit húðblæðingarinnar [á framanverðum hálsinum] samræmist fyllilega því að hálsskartið [...] hafi að hluta komið á milli kraftsins og húðarinnar, líkt og hin rannsakaða segir.

Útlit skrámanna á brjóstinu [...] og skrámanna á vinstri rasskinninni [...] bendir sterklega til þess að þær hafi komið til við sljóan kraft í formi þrýstings og/eða skröpunar gegnt hröðum kanti. Útlit áverkanna getur bent til þess að þeir séu tilkomnir eftir klór með fingurnögl, auk þess bera áverkarnir á hægri rasskinninni [...] með sér að hafa hlotist einnig af nokkrum þrýstingi gegnt kraftvaldinum, t.d. tak með hendi.

Útlit skrámunnar á vinstri kinninni [...], vinstra brjóstinu [...] og sáranna á hægri upphandleggnum [...] og vinstri löngutönginni [...] bendir til þess að þau hafi orðið til

fyrir sljóan kraft í formi steyts eða þrýstings gegnt hörðu eða tregeftirgefanlegu yfirborði.

Hvað varðar aldur áverkanna segir í matsgerðinni að útlitið væri svo til ferskt, í upphafi gróanda. Væru maráverkarnir taldir hafa komið til á síðastliðnum fáeinum sólarhringum en þó væru minnst 18 klukkustundir liðnar frá tilkomu þeirra og fram að skoðun. Hvað varðar skrámur og sár bendi útlit þeirra til þess að þau hafi komið til á síðastliðnum sólarhringum fyrir skoðunina. Loks bendi útlit punktblæðinganna til þess að ekki hefðu liðið meira en þrjár sólarhringar frá atburðinum og að skoðuninni. Þá kemur fram í matsgerðinni að áverkarnir hefðu ekki verið lífshættulegir og muni ekki leiða til varanlegra líkamlegra meina. Ef meðvitundarleysi hefur hlotist af mögulegu taki annars manns um hálsinn megji segja að brotaþoli hafi verið sett í lífshættulegt ástand. Fyrir liggja ljósmyndir sem teknar voru við skoðun réttarmeinafræðingsins.

Þá liggur fyrir vottorð sérfræðings í bráðalækningum, dags. 21. apríl 2021, vegna komu brotaþola þangað 19. sama mánaðar, ásamt ljósmyndum. Er þar rakið að brotaþoli hafi lýst því að ráðist hafi verið á hana, hún tekin hálstaki og reynt að kyrkja hana og hafi hún einnig verið lamin. Reynt hafi verið að halda henni nauðugri og vaknaði grunur um að henni hefði verið nauðgað en sjálf átti hún erfitt með að muna atburðarásina nákvæmlega þar sem henni var verulega brugðið. Hefði henni tekist að komast út úr þessum aðstæðum og kom hún í framhaldi af því á bráðamóttöku til skoðunar. Við skoðun var brotaþoli með augljósa áverka í andliti með punktblæðingar yfir augnsvæði beggja vegna og einnig yfir hálsi beggja vegna. Hún var marin og bólgin yfir nefrót og sér í lagi yfir vinstra augnsvæði neðanvert við vinstra augnlokið og var þar töluvert mar og bólga um það bil 3x1 cm í ummál. Einnig hefði hún fundið fyrir dofa yfir kinnsvæði vinstra megin þar sem hún var bólgin, auk þess sem hún var með yfirborðsáverka á vinstri og hægri upphandlegg. Tölvusneiðmynd af höfði, háls- og andlitsbeinum sýndi merki um *kinnbeins-* og *kinnkjálkabrotaflækju* vinstra megin í andliti með nokkurri tilfærslu miðlægt, auk þess sem það sást brot á gólfi augntóttar og brot framanvert, aftanvert og hliðlægt í kinnkjálkaskútu og grunur um ótilfært brot í kinnbeini vinstra megin. Þó að brotaþoli hefði ekki verið í lífshættu við komu hefðu áverkar hennar verið mjög alvarlegir og kröfðust nánara mats háls-, nef- og eyrnalækna sem skoðuðu hana einnig með tilliti til frekari meðferðar. Hefði staðið til að brotaþoli kæmi 23. apríl 2021 til endurmats með tilliti til þess hvort þörf væri á aðgerð vegna brota á andlitsbeinum.

Einnig liggur fyrir útprentun úr bráðamóttökuskra vegna komu brotþola þangað. Þar kemur fram að við komu kl. 10:58 hefðu verið mæld lífsmörk hennar o.fl. og segir þar eftirfarandi: [...].

Fyrir liggur upplýsingaskýrsla lögreglu um símasamskipti ákærða og brotþola 19. apríl 2021 sem unnin var úr gögnum frá viðkomandi fjarskiptafyrirtækjum. Þar kemur fram að samskipti þeirra hefðu hafist þegar ákærði hringdi í brotþola kl. 01:14. Síðan hefðu farið á milli þeirra nokkur símtöl og SMS-skilaboð og kl. 02:32 hringdi brotþoli seinast í ákærða. Þá kemur fram í skýrslunni að af gögnunum megi ráða að sími brotþola hefði, kl. 01:14, verið staðsettur í námunda við [...] miðað við þann sendi sem símtal fór í gegnum. Eftir það hefði staðsetning brotþola verið á ýmsum stöðum þar til kl. 02:31 en þá hefði sími hennar farið í gegnum sendinn [...] en sími ákærða í gegnum 2_109 [...]. Brotþoli hringdi síðan kl. 07:03 í Hreyfil og er þá staðsett við [...] og næsta staðsetning hennar er kl. 10:06 við [...].

Við rannsókn málsins var sími ákærða skoðaður en hann var með símanúmerið [...]. Sást þar að ákærði hefði skoðað auglýsingu brotþola þar sem fram kom símanúmerið [...] og sést að hringt var úr því númeri í síma ákærða í nokkur skipti. Sími brotþola var einnig skoðaður og samkvæmt upplýsingaskýrslu voru símtöl milli hennar og ákærða skoðuð eins og rakið er hér að framan. Einnig reyndust vera í síma hennar sömu ljósmyndir og eru á auglýsingu á vefsíðunni [...] sem brotþoli hafði upplýst lögreglu um að hún væri á bak við.

Fyrir liggur uppdráttur brotþola af aðstæðum á vettvangi og teikning af herbergjaskipan í kjallara hússins. Einnig liggja fyrir myndir af skjáskotum vegna millifærslna ákærða inn á reikning brotþola, tvisvar sinnum 10.000 krónur og einu sinni 30.000 krónur, og gögn frá Landsbankanum þar sem framangreint er staðfest. Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla um samtal lögreglu við vitnið C leigubifreiðastjóra og kemur þar fram að hann hafi talið að brotþoli hefði komið inn í bifreið hans um klukkan korter yfir sjö þennan morgun.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa búið í kjallaraherbergi þegar atvik gerðust og verið nýbúinn að ljúka [...]. Hann hefði þetta kvöld drukkið spritt í appelsíni og síðan farið inn á vefsíðuna [...] og valið sér dömu, millifært pening á hana fyrir leigubifreið og hún síðan

komið til hans. Hann hefði greitt henni afganginn af peningunum þegar hún kom og áður en þau sváfu saman. Þau hefðu átt saman fínt kynlíf en síðan hefði farið að renna af honum og hann áttað sig á því að konan hans myndi komast að því að hann hefði eytt síðustu peningunum og haldið fram hjá henni. Hefði hann óttast að missa fjölskylduna vegna þess og orðið svakalega reiður og hræddur og ætlað að reyna að fá brotþola til að endurgreiða honum. Kvaðst hann hafa lamið brotþola með handarbakinu og kyrkt hana til að reyna að fá peningana til baka. Hún hefði ekki ætlað að endurgreiða honum og hefði hann tekið af henni símann og ítrekað reynt að slá inn PIN-númer á heimabanka í síma brotþola til að reyna að ná peningunum. Ákærði sagði að brotþoli hefði verið með ljósa hárkollu og við annað af þessum tveimur höggum sem hann sló hana hefði hárkollan farið af henni og hann séð að þetta er bara gömul kona. Hún hefði útskýrt fyrir honum að hún ætti ekki fyrir mat og hefði hann þá fundið til með henni og áttað sig á því að hún þyrfti þennan pening. Kvaðst hann halda að brotþoli hefði verið hjá honum í klukkustund eftir að kynlífsþjónustu hennar lauk og hann þá fylgt henni fram og látið hana hafa símann. Í húsnæðinu væri millihurð og fyrir innan hana væru herbergi, m.a. hans herbergi, og á þessari hurð standi að hún eigi alltaf að vera læst og hefði hann læst henni. Hann hefði skilið við brotþola í hjólageymslunni þegar hann fór aftur inn. Ákærði kvaðst hafa vitað að hann hefði meitt brotþola en brugðið þegar hann heyrði að hún hefði beinbrotnað og þegar hann sá myndir af henni. Kvaðst hann ekki hafa vitað að hann hefði gengið svona langt.

Ákærði kvaðst telja að brotþoli hefði komið til hans um tvöleytið um nóttina og farið á bilinu fjögur til hálfimm. Þau hefðu samið um að hún yrði hjá honum í klukkustund, að það mætti allt í kynlífinu og að ekki yrði notaður smokkur og hefðu þau ekki gert það. Einnig hefðu þau rætt um endaparmsmök. Hann hefði hringt í nokkrar konur en hún verið sú eina sem leyfði allt. Þau hefðu stundað venjulegt kynlíf í leggöng og endaparm og einnig hefði hún farið *niður á hann*. Kynlífið hefði staðið í um klukkustund og hann fengið sáðlát að hann haldi tvisvar sinnum, einu sinni í leggöng hennar en hann myndi ekki hvert sæðið hefði farið í seinna skiptið. Ákærði kvaðst aldrei hafa varnað brotþola útgöngu úr herberginu en tekið af henni símann og hefði hún ekki viljað fara án hans. Var ákærða kynnt að við húsleit hefði fundist þvag í ruslafötu og sagði ákærði að brotþoli hefði haft þar þvaglát stuttu eftir að þau byrjuðu að stunda kynlíf. Spurður hvers vegna hún hefði haft þvaglát í fötuna sagði ákærði að þau hefði verið í miðjum klíðum og sameiginlega klósettið fyrir herbergin væri mjög ósnyrtilegt

og enginn salernispappír þar. Hann hefði spurt hana hvort hún vildi pissa í ruslafötuna og hefði hún samþykkt það og pissað einu sinni í fötuna en hann hefði ekki pissað í hana.

Ákærði kvaðst hafa slegið brotþola í andlitið með vinstri hendi en viti ekki hvar höggið lenti. Hún hefði setið vinstra megin við hann og hann staðið upp og hann slegið hana standandi einu sinni eða tvisvar. Þetta hefði gerst eftir að sá tími sem hann keypti þjónustu af brotþola var liðinn. Eftir þetta hefði hann séð áverka á brotþola. Hún var orðin rauð í framan, í andlitinu, annað hvort vinstra eða hægra megin í kringum augað. Ákærði kvaðst ekki hafa slegið brotþola í líkamann en tekið hana hálstaki með vinstri hendi og hefði hann þá verið að reyna að fá hana til að millifæra inn á sig. Sagði ákærði að brotþoli hefði ráðist á hann og slegið hann og öskrað og hefði hann gert þetta í kjölfarið. Hann hefði haldið um háls hennar í allt að fjórar sekúndur og hert að hálsinum en áttaði sig svo á því að hann ætlaði ekki að drepa hana.

Ákærða var kynnt að fram komi í vottorði læknis að brotþoli hefði reynst vera með brot á augntóttargólfi, vanga- og kinnkjálkabeinum í andliti og sagði ákærði að hann hefði slegið hana með opinni hendi beinlínis til að koma í veg fyrir að hann meiddi hana það mikið að hún myndi hljóta beinbrot. Í lokin hefði brotþoli sagt honum að hún hefði ekki borðað í nokkra daga. Sagði ákærði að brotþoli væri fædd árið [...] og það eina sem honum hefði dottið í hug væri að hún væri með beinþynningu. Kvaðst hann ekki hafa ástæðu til að draga í efa að brot á andlitsbeinum væru af hans völdum og gætu stafað af höggunum. Hefði hann ekki tekið eftir því að hún væri með áverka þegar hún kom til hans.

Ákærða var kynnt að brotþoli hefði einnig verið með mar á öxl og upphandlegg og sagði ákærði að hann teldi það ekki vera af hans völdum, hann hefði aldrei slegið hana í líkamann en þetta gæti hafa komið þegar hún réðst á hann. Staðfesti ákærði að vera [...] cm á hæð og að hafa verið [...] kg þegar þetta gerðist. Sagði ákærði að það væri rangt sem brotþoli héldi fram, að hann hefði haft við hana samræði og endaparmsmök eftir að hún lauk þjónustu sinni við hann. Hann hefði verið búinn að fá sitt út úr þessu og missa allan kynferðislegan áhuga. Það væri heldur ekki rétt hjá henni að hann hefði þá þvingað hana til að veita sér munnmök og sleikja á honum endaparminn. Þá hefði hann einungis einu sinni tekið hana hálstaki og að það væri ekki rétt að hann hefði endurtekið slegið brotþola í andlit og bók.

Ákærða var kynnt að brotþoli hefði einnig verið með mar í andliti og á hálsi og kvaðst hann telja það vera af sínum völdum. Ætti það einnig við um húðblæðingar á hálsi

og punktblæðingar í andliti, í slímhúð augna og munnslímhúð. Telji ákærði að brotapolí hefði fengið punktblæðingar þegar hann tók hana hálstaki. Ákærði sagði að þau hefðu bæði verið nakin þegar kynlífið átti sér stað. Hún hefði hengt fót sín á snaga á vegg og hefði verið búíð að klæða sig, að hann haldi, og að búa sig undir að fara þegar hann veittist að henni. Eftir að brotapolí lauk þjónustu sinni við hann hefði hann beðið hana um að millifæra greiðsluna til baka og þegar hún sagði að hún gæti það ekki, þetta væri ekki hennar reikningur, hefði hann rífið símann af henni. Hefði hann ætlað að nota peninga til að greiða tannlækni og óttaðist hann að konan hans myndi komast að þessu. Kvaðst hann telja að hann hefði haldið síma brotapola þennan klukkutíma og þá verið að reyna að komast inn í heimabankann. Á þessum tíma hefði brotapolí aldrei reynt að fara út úr herberginu og ekki óskað eftir því að fá að fara á salernið. Þegar hann tók hana hálstaki hefðu þau staðið og telji hann að þau hefðu þá farið upp að veggnum.

Ákærða var kynntur framburður brotapola hjá lögreglu. Neitaði hann því að hafa slegið brotapola með krepptum hnefa og að hafa haft einhvers konar kynmök við hana eftir að þjónustu hennar lauk. Þá sagði hann það ekki rétta lýsingu að hann hefði fengið sáðlát um tíu mínútum áður en þjónustunni lauk. Hann hefði einungis tekið hana einu sinni kyrkingartaki en ekki tvisvar til þrisvar eins og brotapolí bar um og hefði hún átt erfitt með andardrátt á meðan á þessu eina taki stóð og þess vegna hefði hann sleppt takinu. Þá sagði hann rangt að brotapolí hefði verið hjá honum þar til um klukkan sjö um morguninn. Hann hefði skilið við hana við hjólageymsluna um fjögurleytið og viti hann ekki hvað hún gerði frá þeim tíma til klukkan sjö en þaðan hefði hún auðveldlega getað komist út. Hurðin á herberginu hefði verið þannig að alltaf hefði verið hægt að opna hana innan frá þótt hún hefði verið læst en þegar brotapolí var hjá honum hefði hún verið ólæst.

Ákærða var kynnt matsgerð réttarmeinafræðings vegna skoðunar á áverkum brotapola og sérstaklega sú niðurstaða hans að áverkar á hálsi brotapola hefðu borið með sér að vera tilkomnir við umlykjandi kraft og að tekið hefði verið um háls hennar báðum megin og haldið í drjúga stund. Sagði ákærði þá að hann hefði haldið um háls hennar með vinstri hendi í 4–5 sekúndur, sem gæti talist vera drjúg stund. Hann væri bæði með stórar hendur og væri sterkur og tók ákærði um hálsinn á sér að framan og sagði að hönd hans hefði náð alveg um háls brotapola. Var ákærða kynnt að hann hefði í framburði sínum hjá lögreglu sagt að hann hefði verið búinn að slá hana, kyrkja hana og vera ógnandi við hana og hefði hún auðvitað verið skíthrædd. Staðfesti ákærði þetta en kvaðst

ekki hafa áttað sig á því að hún hefði verið hrædd meðan á þessu stóð en geri sér nú grein fyrir því að svo hafi verið. Þá kvaðst hann ekki hafa hóttað brotþola. Ákærði kvaðst hafa verið með síma brotþola allan þann tíma sem hún var hjá honum eftir að hún veitti honum þjónustu utan þess að hún hefði hringt í vinkonu sína sem hún sagði eiga reikninginn og hefðu þau verið að bíða eftir því að hún myndi millifæra á hann. Staðfesti ákærði að hann hefði misst stjórn á sér en þá hefði hann orðið mjög reiður.

Ákærði sagði rangt að hann hefði þvingað brotþola til að setja fingur í endaparm hans eða hóttað henni því að drepa hana með byssu. Hvað varðar meinta frelsissviptingu kvaðst hann hafa tekið símann af brotþola og verið ógnandi en hefði ekki meinað henni að fara. Kvaðst hann ekki telja að hún hefði upplifað þetta svo að hún mætti ekki fara. Hún hefði hringt í vinkonu sína og hefðu bæði verið að bíða eftir að hún hefði samband. Henni hefði verið frjálst að fara eftir að þjónustunni lauk en hún vildi ekki fara án símans. Þegar brotþoli öskraði á hann hefði það verið vegna þess að hann tók símann og hefði hann í kjölfar þess kyrkt hana en hún hefði ekki öskrað af sársauka. Var ákærði spurður hvort hann hefði leyft henni að fara á meðan þau biðu eftir endurgreiðslu og sagði ákærði að hún hefði beðið hann um símann en hann neitað henni um símann. Kvaðst hann átta sig á því núna að hún hefði ekki viljað fara án símans og þannig hefði hann haldið henni á staðnum. Iðrist hann þess að hafa meitt brotþola.

Brotþoli, A, kvaðst hafa starfað sem vændiskona og hefði ákærði hringt í hana á tímabilinu frá miðnætti til um klukkan tvö og sagt að hann vildi hitta hana í klukkustund. Kvaðst hún hafa tekið leigubifreið til ákærða og hefði ákærði greitt fyrir bifreiðina og lagt inn á reikning hennar 10.000 krónur. Ákærði hefði beðið eftir henni í herbergi sínu og þangað hefði hún farið. Herbergið var lítið og í því var rúm sem ekki hefði verið hægt að komast í kringum, lítill skápur eða kómmóða og, að hana minni, einn stóll. Allt var í lagi og þau byrjuðu. Kynlífið hefði verið ágætt en aðeins ofbeldisfyllra en gengur og gerist en ekkert *út úr norminu samt*. Að klukkustund liðinni hefði ákærði klárað og fengið fullnægingu og gerði hún ráð fyrir að þau færu hvort sína leið. Þá hefði ákærði stokkið af rúminu og heimtað að hún endurgreiddi honum það sem hann hafði borgað henni. Hún var þá búin að veita ákærða þjónustuna, sagði honum að hún myndi ekki endurgreiða honum, sagði að hún væri [...] og ætti ekki reikning á Íslandi. Ákærði hefði gert allt mögulegt til að hún endurgreiddi honum. Hann hefði orðið reiður, lamið hana og tekið af henni símann. Kvaðst hún hafa sagt ákærða að hún gæti ekki borgað núna og yrði hún að tala við vinkonu sína og borga honum daginn eftir. Brotþoli sagði

að hún hefði verið hjá ákærða í fimm klukkustundir og hefði hann á þeim tíma verið að reyna að endurgreiða sér í gegnum símann hennar en það hefði ekki verið hægt. Venjulega væri greitt fyrir svona þjónustu með peningum en hann hefði millifært á hana, fyrst 10.000 krónur áður en hún kom og síðan 40.000 krónur eftir að hún kom.

Brotapoli sagði að ákærði hefði oft nauðgað henni, tekið hana með valdi, og beitt hana ofbeldi, reynt að hræða hana líkamlega og andlega og ýtt henni. Á meðan á þessu stóð hefði hún oft hugsað um það að hún myndi ekki komast lifandi út úr herberginu. Ákærði hefði verið með símann hennar, hún hefði ekkert getað gert, ekkert hringt og hefði verið alveg á hans valdi. Hurðin hefði verið læst með lykli og hefði hann alltaf getað tekið í hana ef hún reyndi eitthvað. Sagði brotapoli að þau kynmök sem áttu sér stað á milli þeirra eftir að þjónustu hennar lauk hefðu verið nauðgun og án hennar samþykkis. Hún hefði ekki leyft honum að gera neitt og hann gerði það sem honum sýndist og notaði ekki smokk. Hann hefði *gert allar stellingar* sem hann vildi, nauðgað henni í rass, að framan og að aftan. Brotapoli sagði að hún veitti þess konar þjónustu, einnig án smokks, og viti hún ekki hvernig það var með ákærða en þá væri verðið hærra. Myndi hún ekki hvort hann hefði þá átt endaparmsmök við hana. Ákærði hefði einu sinni eða tvisvar fengið sáðlát á meðan hún var að veita honum þjónustuna sem hann keypti en hún myndi ekki hvert sæðið hefði farið.

Brotapoli kvaðst ekki vera að ásaka ákærða um nauðgun heldur fyrir að lemja hana og valda henni andlegu áfalli. Ákærði hefði verið svo brjálaður og ofbeldishneigður að hún hefði ekki getað stjórnað honum. Viti hún ekki í smáatriðum hvað hann gerði en hann hefði lamið hana frá toppi til tár og hún fengið högg á allan líkamann með hnefa og fótum, hann hefði hóttað henni og gert það sem honum datt í hug. Þá hefði hann gripið í hana einhvern veginn og ýtt henni. Á þessum fimm klukkustundum hefði hann oft kyrkt hana og sýndi brotapoli hvernig ákærði hefði haldið með báðum höndum um háls hennar og oft lamið hana. Hefði ofbeldið varað allan tímann sem hún var hjá ákærða. Þegar brotapoli sagði ákærða hafa haft við hana endaparmsmök sýndi brotapoli um leið þá hreyfingu að slá hnefa hægri handar sinnar ítrekað fast í lófa vinstri handar til skýringa. Hann hefði gert allt til þess að meiða hana. Hann hefði beitt hana líkamlegu ofbeldi kannski í hálf tíma en þá allt í einu hætt og farið að spjalla við hana og þá kannski orðið um 15 mínútna stopp á ofbeldinu en síðan byrjað aftur. Þannig hefði þetta gengið á víxl. Hann hefði hent henni fram og til baka og verið algjörlega stjórnlaus. Kvaðst brotapoli

hafa fengið mörg högg á andlitið. Erfitt væri fyrir hana að lýsa því nákvæmlega hvernig ákærði nauðgaði henni og lamdi hana.

Beðin um að lýsa hálstakinu sýndi brotaþoli hvernig ákærði hefði sett hendurnar um háls hennar og notaði þá báðar hendur og vísuðu þumalfingur beggja handa niður á bringu en aðrir fingur fóru um hálsinn og vísuðu aftur. Á meðan hann hélt takinu hefði hún ekki getað andað og hafi hún haldið að hún myndi deyja en þá hefði ákærði sleppt henni. Hefði henni liðið eins og takið hefði staðið einhverjar mínútur. Hefði þetta gerst oftast en einu sinni eða í hvert skipti sem hann réðst á hana og taldi brotaþoli þetta hafa gerst 10–20 sinnum. Brotaþoli sagði að það hefði verið ómögulegt fyrir hana að komast út úr herberginu. Dyrnar hefðu verið beint fyrir framan rúmið og hefði hann alltaf getað náð henni. Kvaðst hún hafa reynt að opna hurðina en hún hefði verið læst. Þá hefði hún öskrað á hjálp og haldið að einhver væri í húsinu sem gæti heyrt í henni. Því meira sem hún öskraði, því meira hefði hann barið hana. Var brotaþola kynnt að þvag hefði fundist í ruslafötu og sagði brotaþoli að hún hefði kastað af sér vatni í ruslafötuna og einnig ákærði. Hún hefði þurft að fara á salernið en ákærði sagst nei og að hún yrði að pissa þarna. Hvorki hún né ákærði hefðu farið út úr herberginu eftir að þjónustu hennar lauk. Hann hefði nauðgað henni í rass og þetta hefði verið sjúklega sársaukafullt og eftir að því lauk hefði komið óttinn við að þetta myndi gerast aftur. Viti hún ekki hvort hún hefði hlotið áverka á endaparm. Muni hún ekki hvort það hefðu verið annars konar mök á þessu tímabili.

Eftir allt þetta hefði ákærði loksins áttað sig á því að hann fengi ekki peningana til baka. Hefði hún sagst við ákærða að hann gæti drepið hana og hefði hann þá róast. Þá hefði henni tekist að sannfæra hann um að eina leiðin til að hann fengi peninga væri ef hann myndi sleppa henni og hún endurgreiða honum daginn eftir. Hefði hann samþykkt það. Þau hefðu síðan talað saman og ákærði hleypt henni út. Áður en hún fór hefði hún spurt ákærða hvernig andlitið á henni væri, hann sagst að það sæist ekkert á henni en sjálf hefði hún ekki getað séð andlit sitt.

Brotaþoli kvaðst hafa farið út þegar ákærði opnaði hurðina og þá verið í miklu áfalli. Hún hefði pantað leigubifreið og beðið eftir henni í um tíu mínútur. Á meðan hún beið hefði ákærði komið og spurt hana hver kæmi að sækja hana. Hún hefði sagst að leigubifreið væri að koma og að hans beiðni sýnt honum að hún hefði hringt á leigubifreið. Hann hefði þá sagst *ok við hittumst á morgun*. Leigubifreiðin hefði síðan komið og hefði bílstjóranum brugðið þegar hann sá hana. Hefði hann hjálpað henni og

sagt henni að hún yrði að kæra en upphaflega hefði hún ekki viljað það. Hún hefði litið út eins og blaðra. Það hefðu brotnað bein í andliti hennar og hún hefði verið marin, meira vinstra megin. Andlegt ofbeldi ákærða gagnvart henni hefði falist í því að hann sagði henni í hvert sinn eftir að hann hafði ráðist á hana að hún kæmist ekki út úr herberginu lifandi. Um tíma hefði henni verið sama þótt hún myndi deyja. Sagði hún ákærða ekki hafa meitt hana þegar hún stundaði kynlíf með honum gegn greiðslu. Kvaðst hún ekki muna hversu oft ákærði hefði fengið sáðlát eftir að þjónustunni lauk en telji að það hefði verið eitt skipti.

Sagði brotapolí að ákærði hefði læst herbergishurðinni með lykli en hún viti ekki hvað varð um lykilinn eða hvernig hann opnaði þegar hún fór. Ákærði hefði verið áfram inni í herberginu eftir að hún fór og hefði hún farið beint út. Sagði brotapolí rangt hjá ákærða að hún hefði einungis verið tvo klukkutíma hjá honum og væri hægt að sjá á símanum hennar hvenær hún hefði hringt á leigubifreið. Kvaðst hún hvorki hafa verið með áverka þegar hún kom til ákærða né heldur eftir að hún hafði sinnt þeirri þjónustu sem hann keypti hjá henni. Hefði hún munað atvik betur þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Brotapóla var kynntur framburður hennar hjá lögreglu um að ákærði hefði þvingað hana til að veita sér munngælur og staðfesti hún að ákærði hefði ítrekað gert það. Minntist hún þess ekki að ákærði hefði látið hana sleikja endaparm hans eða setja fingur eða hönd í endaparm hans en það væri rétt þar sem hún hefði lýst því hjá lögreglu. Þá var henni kynnt að hún hefði sagt hjá lögreglu að hann hefði lokið sér af í leggöng án þess að nota smökk eftir að þjónustu hennar lauk og kvaðst hún nú ekki muna eftir þessu. Staðfesti brotapolí að sú lýsing á atvikum sem greinir í ákæru væri rétt en vísaði í vottorð lækni hvað varðar þá áverka sem greinir í ákæru og taldi ákærða hafa tekið hana oftár hálstaki og að atvik hefðu tekið lengri tíma en þrjár klukkustundir. Sjálf hefði hún ekki veist að ákærða eða reynt að ná símanum til baka. Spurð um líðan eftir atvikið sagði brotapolí að vanlíðan hennar sæist á hegðun hennar. Hefði þetta haft mikil áhrif á hana og hennar líf. Hún hefði farið í sálfræðimeðferð og vísaði til framlagðs vottorðs sálfræðings sem hefur annast hana. Kvaðst hún ekki hafa orðið fyrir öðru áfalli.

D lækni sagði brotapolá hafa verið mjög þreytta þegar hún kom til hennar á Neyðarmóttöku þann 19. apríl 2021 kl. 19:45. Fram hefði komið hjá brotapolá að hún starfaði sem vændiskona og hefði hún farið til viðskiptavinar og haft mök við hann gegn greiðslu. Hann hefði óskað eftir því að fá endurgreitt og beðið hana um að millifæra í síma en hún hefði sagt að hún gæti það ekki og hefði hann þá ráðist á hana, kýlt hana í

andlitið, tekið hana kyrkingartaki og nauðgað henni. Hún hefði skoðað kynfæri brotaþola og endaparm og tekið sýni bæði úr endaparmi og leggöngum fyrir DNA-rannsókn. Ekki hefðu sést áverkar á kynfærum hennar eða endaparmi en hún hefði verið með áverka á líkama sem hefðu verið skoðaðir á bráðamóttöku og einnig hefði réttarmeinafræðingur skoðað hana daginn eftir.

Vitnið kvaðst hafa tekið niður frásögn brotaþola sem skráð er í skýrsluna beint eftir henni. Hvað varðar skráningu á kynferðislegu framferði brotamanns þá hefði þar m.a. verið merkt við kynmök um leggöng og endaparm og væri þá verið að vísa til atvika eftir að hún veitti ákærða þjónustu. Væri þar um að ræða eitthvað sem hefði verið gert gegn vilja hennar og var gert eftir að ákærði hafði slegið hana og tekið hana kyrkingartaki. Væri þetta skráð eftir brotaþola sem sagði að ákærði hefði nauðgað henni bæði í leggöng og endaparm og neytt hana til að hafa við hann munnmök. Hvað varðar skráningu á ástandi brotaþola við skoðun væri það bæði metið sjónrænt og borið undir brotaþola og hún spurð hvernig henni líði. Varðandi kreppuviðbrögðin þá sjái hún hvernig brotaþola líði, henni hefði ekki liðið vel, verið spennt, þreytt og úrvinda. Brotaþolar væru spurðir um hæð og þeir vigtaðir. Vitnið sagði að brotaþoli hefði verið trúverðug í frásögn og í áfalli. Vitnið kvaðst ekki muna hvort brotaþoli hefði talað um að hún hefði fundið til í endaparmi eða kynfærum og sagði að viðkomandi geti fundið til við mök þó að ekki sjáist áverkar við skoðun.

E, hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku, sagði brotaþola hafa verið mjög þreytta við komu en ákveðna að fara í gegnum þetta. Henni hefði fundist lífi sínu ógnað í þeim aðstæðum sem hún lenti í. Komið hefði fram hjá brotaþola að hún hefði starfað sem vændiskona og farið í verkefni í [...]. Ákærði hefði ekki verið með reiðufé eins og almennt væri krafist og hefði hann fengið að millifæra inn á reikning sem vitnið kvaðst telja að brotaþoli hefði ekki haft umráð yfir. Brotaþoli hefði farið til ákærða í herbergi í kjallara í fjölbýlishúsi. Ákærði hefði fljótlega lokið sér af og verið ósáttur við að hafa ekki fengið það sem hann vildi fyrir peningana þar sem þetta hefði tekið svona stuttan tíma og krafið brotaþola um endurgreiðslu. Kvaðst brotaþoli hafa sagt ákærða að hún gæti ekki endurgreitt honum þar sem hún hefði ekki aðgang að þessum reikningi. Ákærði hefði þá orðið reiður, ekki leyft henni að fara og haldið henni nauðugri þar til undir morgun, í um fimm klukkustundir. Ákærði hefði tekið síma brotaþola og reynt að komast inn í heimabanka hennar til að ná peningunum til baka. Á þessum fimm klukkustundum hefði hann neytt brotaþola til kynmaka, bæði um leggöng og endaparm, og látið hana

veita sér munnmök og sleikja á honum rassinn. Hann hefði beitt hana miklu ofbeldi og hefði hún verið með áverka, talsvert miklar húðblæðingar á hálsi og áverka á kinnbeinum og með glóðarauga á vinstra auga eftir að hann kýldi hana.

Vitnið sagði að það sem hún hefði skráð niður væri haft eftir brotþola en hún myndi ekki hvort hún hefði borið frásögnina undir brotþola. Kvaðst hún hafa spurt brotþola hvenær þetta hefði gerst og hefði hún sagt milli klukkan tvö og sjö um nóttina. Þetta hefði endað með því að hann hefði sleppt henni og látið hana hafa símann svo hún gæti hringt á leigubifreið. Hefði hún hlaupið út á horn og þangað hefði komið leigubifreið. Fram hefði komið hjá brotþola að hún hefði verið mjög hrædd og fundist hún þurfa að koma sér þaðan sem fyrst og því hefði hún hlaupið. Hvað varðar skráningu í skýrslu á kynferðislegu framferði kvaðst vitnið hafa spurt brotþola og hakað í viðeigandi reiti eftir svörum brotþola eða eftir að hafa heyrt frásögn hennar. Áður en það gerðist sem þar er merkt við hefði brotþoli verið búin að veita ákærða þjónustu. Hvað varðar mat á andlegu og líkamlegu ástandi væri þar einnig merkt við tiltekin atriði og væri almennt miðað við það sem hún sjái en ekki væri um að ræða spurningar til brotþola.

F réttarlæknir kvaðst hafa skoðað brotþola 20. apríl 2021 og ritað um það matsgerð. Rakti hann þá áverka sem sáust við skoðun. Sagði hann það markverðasta í niðurstöðunni vera marbletti sem hefðu náð yfir vinstra augnsvæði, vinstri kinn og á nefhrygginn og fjöldi marbletta á hálsinum, auk munstraðra húðblæðinga á hálsi og marblett á vinstri upphandlegg. Þá hefði brotþoli verið með skrámur, litlar skrámur á vinstri kinn, vinstra og hægra megin á framanverðu brjóstinu og hópa af skrámum á hægri rasskinninni. Einnig hefði hún verið með lítið sár á hægri upphandleggnum, enn minna sár á vinstri löngutöng og punktblæðingar í andlitshúðinni og í slímhúðum augna og munns.

Vitnið kvaðst hafa fengið stutta lýsingu frá brotþola. Kom fram hjá henni að hún hefði verið tekin kyrkingartaki og þá hefði hún verið með hálsmen sem hún sýndi honum. Vitnið kvaðst ekki hafa verið með upplýsingar um að brotþoli hefði hlotið beinbrot í andliti þegar hann skoðaði hana. Lýsing brotþola á atvikum samræmdist því sem hann hefði séð utanvert. Þurfi talsvert högg til að fá þessa áverka og væri ekki vanalegt að bein brotnuðu þótt fólk væri kýlt í andlitið. Erfitt væri að segja hvað þurfi mikið afl annað en að það þurfi að vera af þyngri toga. Kvaðst hann ekki geta greint á milli þess hvort áverkarnir hefðu orðið til við hnefahögg eða högg með handarbaki en telja að um a.m.k.

eitt högg hefði verið að ræða. Miðað við áverka hefði brotaþoli í það minnsta fengið tvö högg á andlitið. Hvað varðar áverka á hálsi telji hann þá vera tilkomna fyrir aðþrengjandi eða klemmandi kraft fyrir blóðumferð um hálsinn fremur en högg. *Áverkamyndin* endurspeglar ekki mikið af höggum þó að telja verði að þau hafi verið fleiri en eitt.

Vitnið sagði að brotaþoli hefði verið með *blómlega áverkamynd* á hálsi og þær punktblæðingar sem sést hefðu á andliti hennar, í slímhúð augnanna og í munnslímhúð skipti einnig máli í því tilliti. Saman tali áverkarnir nokkuð fyrir því að það hafi verið tekið um háls brotaþola, þrengt að og taki haldið um stund en erfitt væri að segja til um hversu lengi. Þessi *áverkamynd* væri nokkuð dæmigerð fyrir slíkt. Umlykjandi kraftur þýði ekki endilega að tekið hafi verið um hálsinn báðum megin. Var vitninu kynnt að ákærði hefði lýst því að hann hefði tekið um kverkar brotaþola með annarri hendi og sagði vitnið að þetta passi mjög vel við þá lýsingu ákærða. Ekki þurfi endilega mikinn kraft og ekki sterka manneskju heldur tak sem er klemmt utan um hálsinn. Það þurfi ekki mikinn þrýsting til að trufla blóðflæði um æðar. Punktblæðingar í slímhúð augna og í munni segja að það hafi verið tregða í blóðflæði frá höfðinu en það blóð ferðast um bláæðar í hálsinum. Þetta tali fyrir því að æðarnar hefðu verið lokaðar lengur en einungis augnablik og kvaðst vitnið telja að það hefðu verið meira en 4–5 sekúndur. Sagði vitnið að samþykkt væri innan hans fræða, en það væri ekki byggt á rannsóknum, að almennt þurfi að lágmarki 10–15 sekúndur til að punktblæðingar myndist. Einnig geti þessir áverkar komið við augnablikskraft eins og uppsölur eða mikinn hnerra. Að eiga erfitt með andardrátt, eins og brotaþoli lýsti, samræmist þessu. Hvort árás hafi verið hættuleg ef brotaþoli upplifir sig í andnaud eða hvar hún hafi verið stödd með tilliti til lífshættunnar væri erfitt að segja til um. Almennt væri talað um að ef fólk missir meðvitund tali það fyrir því að viðkomandi hefði verið í lífshættu en það væri líka erfitt að sýna fram á það. Vitnið sagði að almennt væri varhugavert að taka aðra manneskju svona taki og halda því og eftir því sem takinu er haldið lengur og eftir því sem meiri truflun er á blóðflæði til heilans, þeim mun meiri hætta er á ferðum og meðvitundarleysið hafi beina tengingu við það.

Einnig kom fram hjá vitninu að brotaþoli hefði verið með mikla *áverkamynd* á hálsinum miðað við þá sem lifað hafi af svona tak. Fólk sem lifir af kyrkingu væri almennt ekki með mikla áverka vegna þess og klári sig almennt vel og blóðtruflun almennt búin að leiðréttast þegar fólk er skoðað. Væru engar forsendur til að kraftmæla hálstak á grundvelli áverka. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir radbreytingu þegar hann

skoðaði brotapolu og gæti heldur ekki metið það þar sem hann hefði ekki þekkt rödd hennar fyrir atlöguna. Hálsmen úr vafningi eða fléttuðum vír sem brotapolu sýndi honum og sagðist hafa verið með endurspegli það mynstur sem hann sá á áverkunum á hálsinum. Hafi það verið á milli handar og hálsins hefur það líklega, að hluta, skilið eftir sig sína mynd þar.

Vitnið kvaðst ekki geta svarað því hvort aldur og hugsanleg beinþynning geti skipt máli við mat á beinbrotum í andliti. Varðandi beinbrot gildi þó almennt að beinþynning eigi ekki við um andlitsbein í sama mæli og önnur bein. Upplýsingar um beinbrot breyti ekki heildarmati hans á áverkum eða hættueiginleikum. Hvað varðar alvarleika áverka vegna brotanna þurfi að skoða það í hverju tilviki. Augntóttarbrott geti skaddað vöðvana sem hreyfa augun og þurfi að skoða það af meðferðarlækni. Mar á upphandlegg sem talið er hafa orðið til við sljóan kraft geti verið eftir alls konar högg og erfitt væri að segja nánar til um það.

Sagði vitnið að áverkar brotapolu gætu samrýmst því að ákærði hefði tekið hana a.m.k. tvisvar sinnum hálstaki og slegið hana endurtekið í andlit og búk. *Áverkamyndin* á líkamanum væri ekki það mikil að hægt væri að útiloka að hún hefði þá fengið högg en af minni mætti en í andlitið. Um gæti verið að ræða alls konar högg en *sljór kraftur* væri mjög opið hugtak. Áverkar á hálsi væru svolítið dreifðir og upp á höku beggja vegna og væri erfitt að skilgreina þá svo að þeir væru eftir eitt tak en um gæti verið að ræða tak sem hefði færst til. Öruglega væri um eitt tak að ræða, þólandi gæti hafa sýnt viðspyrnu og gerandi þá þurft að aðlaga takið. Slíkt hefði tilhneigingu til að mynda fleiri marbletti og flækja *áverkamýndina*.

G, sérfræðingur í bráðalækningum á Landspítala, kvaðst hafa tekið á móti brotapolu á bráðamóttöku. Hún hefði verið með áverka í andliti og hefði verið ákveðið að taka myndir af þeim til að greina þá frekar og þá komið í ljós brott á andlitsbeinum. Einnig hefði verið rætt við háls-, nef- og eyrnalækni vegna áverkanna. Um ástand brotapolu vísaði vitnið í vottorð sitt en sagði að brotapolu hefði virkað eins og henni væri brugðið en hún hefði verið skýr í frásögn. Ráðist hefði verið á hana og henni haldið. Grunur hefði vaknað um að hún hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og kvaðst vitnið minna að það hefði verið vegna einhvers sem brotapolu sagði. Sagði vitnið að töluvert afl þurfi almennt til að valda brottum á andlitsbeinum. Áverkar brotapolu hefðu verið mjög alvarlegir og þurfti að ræða við aðrar sérgreinar vegna þeirra, auk þess sem um tilfært brott hefði verið að ræða. Áverkarnir voru ekki lífshættulegir sem slíkir en mjög

alvarlegir. Þegar punktblæðingar finnast tali viðkomandi almennt um að þeir hafi verið teknir hálstaki eða beittir kyrkingartaki. Almennt lýsa þeir sem fá svona áverka því að töluverði afli hafi verið beitt. Kvaðst hann ekki vita hvort takið hafi verið lífshótandi en hægt væri að álykta að þetta væri mjög alvarlegt þegar fólk er með áverka eftir kyrkingartak. Þá sagði vitnið að þau lífsmörk sem mæld voru á brotapolu kl. 10:58 samkvæmt bráðamóttökuskrá væru eðlileg. Vitnið staðfesti að ef haldið er taki um háls í töluverðan tíma geti það haft lífshættulegar afleiðingar. Punktblæðingar hefðu sést á hálsi og í slímhúð augna eins og oft sjáist eftir kyrkingartak. Þá sagði hann þá sem væru með beinþynningu viðkvæmari fyrir beinbrotum en hann geti ekki sagt um það út frá myndun hvort brotapolu hafi verið með beinþynningu.

H, sálfræðingur í áfallateymi Landspítalans, sagði brotapolu hafa komið í fimm viðtöl til hennar og hefði hún unnið með afleiðingar meints kynferðisbrots. Brotapolu hefði verið í miklu uppnámi fyrst eftir að atvik gerðust og upptekin af líkamlegum áverkum. Hún hefði verið með talsvert mikil einkenni áfallastreitu í upphafi, með miklar minningar og martraðir um þennan atburð, mjög hrædd, óttast að rekast á ákærða og fundist hún sjá hann í öðrum karlmönnum. Hún hefði átt erfitt með svefn, verið vör um sig og leitað skýringa á því hvers vegna þetta hefði gerst. Hún hefði [...] sem hefðu verið mjög truflandi fyrir hennar daglega líf. Til að byrja með treysti hún sér ekki til að fara út úr húsi nema erindið væri mikilvægt. Það hefði verið erfitt fyrir hana að [...] Brotapolu hefði nýtt viðtölin vel þegar á leið, verið ótrúlega kjörkuð og farið að gera eðlilega hluti. Eftir því sem á leið hefði dregið úr einkennum. Í fimmta viðtalinu hefði brotapolu verið með lítil einkenni. Alltaf væri skoðað að liðnum mánuði hvort sjúklingur væri með [...] en svo væri ekki. Hún hefði enn verið [...] og enn að takast á við líkamlegar afleiðingar eins og verki sem minntu hana á það sem hafði gerst. Tilfinningaleg ásýnd brotapolu hefði verið í samræmi við umræðuefnið og það þýði að þar sem þær hefðu verið að tala um alvarlega hluti hefði svipur hennar verið í takt við það. Hún hefði virkað viðkvæm og óörugg þegar hún var að tala um atvikið.

Vitnið sagði að brotapolu hefði ekki lýst því í smáatriðum sem hefði gerst en sagt að hún hefði verið frelsissvipt og beitt margvíslegu kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi. Hún hefði greint frá nauðgunum í endaparm, leggöng og munn. Bati brotapolu hefði verið eðlilegur. Vitnið staðfesti, eins og fram komi í vottorðinu, að hún hefði metið brotapolu sem trúverðuga og samkvæma sjálfri sér. Þá horfi hún til þess að þær hefðu ítrekað rætt aðstæður í tengslum við ofbeldið, af því að brotapolu var mikið að leita skýringa, og var

brotapoli samkvæm sjálfri sér á milli viðtala og sagði eins frá. Almennt verði að telja að þessi atvik muni fylgja brotapolu það sem hún eigi ólifað og geti þá eitthvað minnt hana á þau og einnig geti þetta haft áhrif gangi hún í gegnum erfið tímabil eða önnur áföll. Fyrir brotapolu snúist þetta um að lifa með því sem gerðist og gæti hún þurft á frekari aðstoð að halda síðar.

Í upphafi hefði brotapoli verið mjög óðamála og legið mikið á að segja frá og borið með sér mikla vanlíðan. Talaði hún mikið um líkamlega áverka í upphafi, sem væri algengt hjá þeim sem verða fyrir slíkum áverkum, og síðan um andlega líðan. Brotapoli hefði í nokkur skipti sagt henni frá því hvaða athafnir hefðu átt sér stað en ekki lýst þeim í smáatriðum. Einnig hefði hún lýst líkamlegu ofbeldi og hefði hún talað um kyrkingartak og notað orðið *torture* um ofbeldi en ekki lýst kynferðislegu ofbeldi nánar. Í þriðja viðtali hefði verið farið að draga úr einkennum áfallastreitu en bataferli eigi að byrja í fyrstu viku ef það verður náttúrulegt bataferli.

Í byrjun hefði brotapoli verið með aðrar hugmyndir en vitnið um það hvernig viðtölin ættu að fara fram og meira viljað *segja sitt* en taka við fræðslu. Hefðu þær rætt þetta og því hefði hún ekki getað veitt eins mikla fræðslu í upphafi og hún geri almennt. Þá var borið undir vitnið að í vottorði hennar kæmi fram að í fyrstu hefði gengið erfiðlega að meta innihald [...] brotapolu og kvaðst vitnið þar vera að vísa í það sama og áður hefur komið fram, að brotapoli hefði verið mjög óðamála til að byrja með og viljað mikið segja vitninu hvernig hlutirnir væru og hefði oft gripið fram í fyrir vitninu þegar vitnið var að meta brotapolu. Hefði því gengið erfiðlega að fá svör við flestum einkennum. Hefði það leitt til þess að hún fór yfir spurningalista með brotapolu til að tryggja að skilningur væri til staðar. Brotapoli hefði fengið áfallastreitueinkenni og farið síðan í bataferli en ekki fengið áfallastreituröskun sem varði það hvernig ástand viðkomandi er einum til tveimur mánuðum eftir atvik. Brotapoli hefði sagt henni að hún hefði ekki orðið fyrir öðrum alvarlegum áföllum.

Sérfræðingur tæknideildar lögreglu, nr. I, kvaðst hafa rannsakað gögn frá Neyðarmóttöku en þaðan hefði hann fengið afhent nærföt, pinna með stroksýnum, andanefju, hársýni og smásjargler. Í nærfötunum voru sjáanlegir ljósleitir blettir á innanverðri framhlið en sýni úr þeim hefðu gefið jákvæða svörun fyrir for- og staðfestingarprófi sem sæði og í smásjárýni sem hann útbjó úr sýnunum hefðu verið sjáanlegar sáðfrumur. Stroksýni sem hann tók síðan úr miðri klofbótinni hefði gefið sömu svörun og sáðfrumur voru sjáanlegar í smásjárýni. Stroksýni af andanefju hefðu gefið

veika svörun á forprófi sem sæði en enga svörun við staðfestingarprófi. Þegar hann skoðaði smásjargler sem útbúin hefðu verið með pinnunum hefðu verið sjáanlegar sáðfrumur á þremur glerjum sem voru merkt *Vaginal op*, *Vagina* og *Cervix op*, þannig að þokar með pinnum með þessum merkingum voru ekki opnaðir. Sýni af pinnum í öskjum merktir *Ytri barmar* og *Innri barmar* gáfu jákvæð svör við for- og staðfestingarprófi sem sæði og þá voru sáðfrumur sjáanlegar í smásjármyndum sem hann útbjó. Sýni af pinnum merkt *Anus* gáfu veika svörun við forprófi en ekki svörun við staðfestingarprófi. Askja merkt *Inni í anus* var heldur ekki opnuð en þar voru sáðfrumur sjáanlegar á smásjarglerjum. Sýni af munnholi gáfu ekki svörun. Mikið af sáðfrumum hefði verið í *Anus* og í innri kynfærum, þ.e. leggöngum og við leghálsop, og svo í nærfötum. Sýni sem höfðu verið tekin úr ytri og innri börmum gáfu jákvæða svörun og þar voru sáðfrumur sjáanlegar. Myndir af áverkum brotaþola komu frá Neyðarmóttöku.

Lögreglumaður nr. J sagði sig og samstarfskonu sína hafa yfirheyrt ákærða sem neitaði fyrst að tjá sig. Húsleit hefði verið gerð á vettvangi og hann skoðaður en um hefði verið að ræða lítið herbergi í [...] og hefði rúmið nánast fyllt út í herbergið. Leitað hefði verið alls staðar að smokki en ekki fundist né heldur umbúðir utan af smokkum. Þá hefði vakið athygli að einhver hafði kastað af sér vatni í ruslafötu sem þar var og var það í samræmi við framburð brotaþola. Hún hefði sagt að henni hefði verið haldið nauðugri þarna, hefði ekki verið hleypt á salerni og þurft að kasta af sér vatni í ruslafötu sem var þarna. Í seinni skýrslu ákærða hefði hann greint frá samskiptum sínum við brotaþola. Hann kvaðst hafa pantað hana á vefsíðunni [...] og átt í kynferðislegum samskiptum við hana. Hefði hann haldið að hann væri búinn að greiða tvisvar fyrir þjónustu hennar, hefði rífið af henni símann og ætlað að fara inn á heimabanka hennar til að millifæra greiðsluna til baka og þá komist að því að hún hefði fært peningana inn á annan aðila. Hann hefði þá reiðst henni og gengið í skrokk á henni. Sagði vitnið að í leiðréttri skýrslu vegna húsleitar hefði verið getið um ruslafötu sem fannst á vettvangi en í henni hefði reynst vera hland. Um hefði verið að ræða stóra ruslafötu og það sem var í henni var enn blautt þegar húsleitin fór fram. Þá hefði verið hlandstækja í herberginu sem var heitt og loftlaust. Leyndi það sér ekki að það var þvag í fötunni. Skammt frá var sameiginlegt salerni sem þeir sem þarna búa hafa aðgang að. Hefði hann farið þangað inn en minnst þess ekki sérstaklega hvort þar hefði verið salernispappír. Þá hefðu verið teknar myndir af læsingu á hún á herbergi ákærða. Minni hann að um hefði verið að ræða *kúluhún* en viti ekki hvort það hefði þurft lykil til að læsa hurðinni.

Lögreglumaður nr. K kvaðst hafa haldið utan um rannsókn málsins en tilkynning hefði borist frá Neyðarmóttöku fyrir hádegi þennan dag um ætlað kynferðisofbeldi. Hún hefði hitt brotþola sem þá hefði verið í uppnámi og tekið af henni skýrslu. Einnig hefði hún farið í húsleit á vettvangi. Um var að ræða lítið herbergi í kjallara. Rúm hefði tekið mestallt plássíð í herberginu en einnig hefðu verið þar húsmunir og sængurfatnaður. Þá hefði verið ruslafata þar og þau talið að í henni væri hland miðað við lykt og útlit en muni ekki hvort um mikið magn var að ræða. Þá hefði hún skoðað símasamskipti á milli ákærða og brotþola og ritað um það upplýsingaskýrslu. Sími brotþoli hefði verið afritaður og þá reynt að ná SMS-skilaboðum sem farið höfðu á milli þeirra. Kom fram hjá henni að fyrsta símtal þeirra hefði verið kl. 01:14 og hefði sími brotþola þá verið staðsettur í [...]. Þá kom fram að þau hefðu átt símtal kl. 02:32 og fór sími þeirra beggja þá um sendinn [...]. Næsta símtal brotþola var kl. 07:03 og fór það um sendinn [...] og telur vitnið að það bendi til þess að hún hafi þá verið búin að ganga eitthvað frá [...] og *skipt* um sendi á leiðinni. Engu að síður væru tveir síðastnefndu sendarnir á sama svæði og væri stutt á milli þeirra. Einnig kom fram hjá vitninu að í síma brotþola hefðu fundist skjáskot af myndum af ákærða og fjölskyldu hans sem brotþoli hefði sýnt henni.

C kvaðst þennan morgun um klukkan sjö hafa verið að aka leigubifreið og verið að hefja vinnudag þegar hann sá brotþola á horni [...] og [...] og veifaði brotþoli til hans. Hann hefði stöðvað bifreiðina og hún sest upp í bifreiðina. Hefði hann ætlað að spyrja hana hvert hún vildi fara þegar hann tók eftir því að hún var með áverka. Kvaðst hann hafa spurt hana hvað hefði komið fyrir hana og hefði hún sagt að hún hefði verið lamin og lýst fyrir honum atvikum. Vitnið kvaðst hafa farið í mikla geðshræringu en haldið áfram að aka bifreiðinni en svo áttað sig á því að brotþoli yrði að fara til lögreglu en hún var ekki strax tilbúin til þess. Hún hefði loks samþykkt að leita til lögreglu og hefðu þau fyrst farið að lögreglustöð í Grafarholti en komið þar að lokuðum dyrum og á endanum hefði vitnið farið með hana á slysadeild og tóku starfsmenn þar við henni.

Vitnið sagði að brotþoli hefði skolfið þegar hún kom inn í bifreiðina og verið í mikilli geðshræringu. Hún sat fyrir aftan hann og þegar hann leit við hefði hann séð vinstri hliðina á andliti hennar. Brotþoli sagði honum að hún hefði verið lamin. Hún hefði verið hjá manni sem hefði haldið henni í herbergi sem hefði verið læst. Maðurinn hefði setið á rúmstokknum og hún verið til hliðar við hann, nakin, og hefði maðurinn látið höggin dynja á henni. Einnig hefði hún sagt að hann hefði verið með símann hennar. Hún hefði ekki lýst því nánar hvernig hann hefði haldið henni í herberginu en um hefði

verið að ræða lítið herbergi sem hefði verið læst og hún hefði ekki getað komist út. Viti hann ekki hvort hún var nýkomin út þegar hann hitti hana. Brotapoli hefði einnig sagt að hún hefði verið orðin það hrædd að hún óskaði þess að hann myndi klára að drepa hana. Minnst hann þess ekki að hún hefði sagt að maðurinn hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi. Kvaðst vitnið ekki muna hversu lengi hann hefði verið að aðstoða brotapolu en þau hefðu farið heim til hans áður en þau fóru á lögreglustöð. Þá kvaðst hann ekki muna eftir því nú að brotapoli hefði sagt honum að ákærði hefði takið hana hálstaki og tekið af henni símann eða að hafa séð áverka á hálsi hennar. Hann hefði séð áverka vinstra megin á andliti hennar.

III

Niðurstaða

Ákærði er ákærður fyrir nauðgun, kaup á vændi, sérstaklega hættulega líkamsárás og frelsissviptingu. Í ákæru er brot ákærða talið varðar við 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 206. gr., 2. mgr. 218. gr. og 1., sbr. 2., mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við þingfestingu málsins játaði ákærði sök hvað varðar 206. gr. almennra hegningarlaga og viðurkenndi að hafa greitt brotapolu fyrir vændi. Þá viðurkenndi hann að hafa tekið hana hálstaki einu sinni og að hafa slegið hana einu sinni eða tvisvar í andlitið með handarbaki. Játaði hann sök vegna líkamsárásar í samræmi við framangreint en neitaði sök að öðru leyti. Byggir hann sýknukröfu sína á því að ósannað sé að hann hafi að öðru leyti framið þá háttsemi sem greinir í ákæru.

Samkvæmt 111. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Brotapoli lýsti atvikum þegar hún kom til skoðunar á Neyðarmóttöku og gaf síðan tvisvar skýrslu við rannsókn málsins, auk þess að lýsa atvikum ítarlega fyrir dómi. Af því sem fram er komið í málinu má ráða að brotapoli var í mjög viðkvæmri stöðu. Hún er [...] og virðist hafa lítið bakland[...] auk þess að hún hafði lífsviðurværi sitt af sölu kynlífsþjónustu. Þegar brotapoli gaf skýrslu fyrir dómi var augljóst hversu illa henni leið en það greinilega tók á hana þegar hún lýsti atvikum. Hún var m.a. mjög ör á köflum og lýsti hún einnig vanlíðan sinni í kjölfar atvikanna. Hefur framburður brotapolu í meginatriðum verið á sama veg í gegnum alla meðferð málsins og að mestu í samræmi við þá lýsingu sem kemur fram í ákæru. Þó var ekki samræmi milli þess sem kom fram hjá henni hjá lögreglu og fyrir dómi hvað það varðar hversu oft ákærði hefði tekið hana

hálstaki og hún minntist þess ekki fyrir dómi að ákærði hefði þvingað hana til að sleikja á honum endaparminn. Heildstætt litið fær frásögn brotþola stoð í fjölda gagna t.d. læknisvottorði, greinargerð réttarmeinafræðings og skýrslum og vætti vitna um aðstæður á vettvangi. Er það mat dómsins að framangreint misræmi sé ekki til þess fallið að rýra sérstaklega trúverðugleika framburðar brotþola í málinu og metur dómurinn framburði hennar trúverðugan.

Af framburði ákærða verður ráðið að hann hafi glímt við [...] frá unglingsaldri og hafi, þegar atvik gerðust, verið að [...] og þá drukkið spritt. Hann tjáði sig ekkert um atvik í fyrstu skýrsla sinni hjá lögreglu en lýsti atvikum í skýrslu sem tekin var af honum degi síðar. Er lýsing hans á atvikum fyrir dómi að mestu í samræmi við það sem hann bar um hjá lögreglu hvað varðar þau atriði sem máli skipta við úrlausn málsins. Í upphafi síðari skýrslunnar hjá lögreglu kvaðst hann hafa verið edrú þegar atvik gerðust en síðar í sömu skýrslu kvaðst hann hafa drukkið spritt en áhrif þess hefðu verið lítil. Fyrir dómi var misræmi í framburði hans hvað þetta varðar þar sem hann talaði annars vegar um að hafa reiðst þegar rann af honum og hins vegar um að hafa ekki fundið til áhrifa. Þá viðurkenndi hann hjá lögreglu að hafa slegið brotþola eitt högg með handarbaki en sagði fyrir dómi að þau hefðu verið eitt eða tvö. Einnig er misræmi í framburði hans hjá lögreglu og fyrir dómi hvað það varðar hvar hann skildi við brotþola en hann kvaðst annars vegar hafa vitað að hún væri komin út, sem er í samræmi við framburð brotþola, og hins vegar hafa skilið við hana í hjólageymslunni. Þá var hann tvísaga í skýrslu sinni fyrir dómi hvað það varðar hvort brotþoli hefði sagt að hún þyrfti að fara á salernið áður en hún kastaði af sér vatni í fötuna. Með hliðsjón af öðru sem fram er komið í málinu er það mat dómsins að framburður ákærða beri um sumt keim af því að hann sé að reyna að fegra hlut sinn. Er það mat dómsins að framburður ákærða sé ótrúverðugur að því leyti sem hann samrýmist ekki öðru sem fram er komið í málinu.

Með játningu ákærða og framburði brotþola, sem staðfesti að hafa komið til ákærða í því skyni að veita honum kynlífsþjónustu gegn greiðslu, og öðrum málsgögnum telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um kaup á vændi, sbr. 206. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er ákærði ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Eins og að framan er rakið hefur ákærði viðurkennt að hafa slegið brotþola í mesta lagi tvisvar sinnum með handarbakinu og að hafa tekið um háls hennar með annarri hendi og haldið takinu í um fjórar sekúndur. Kom fram í framburði hans að hann hefði orðið var við að brotþoli

hefði ekki getað andað og þá sleppt henni. Er þetta ekki í samræmi við framburð brotaþola sem sagði ákærða hafa ítrekað slegið hana hnefahögg, ýtt henni til og haldið um háls hennar með báðum höndum í einhverjar mínútur þannig að hún náði ekki andanum og hún þá haldið að hún myndi deyja. Allt þetta sagði brotaþoli að ákærði hefði gert ítrekað á því tímabili frá því að kynlífsþjónustu hennar lauk sem, ef miðað er við símagögn, var upp úr klukkan hálf þrjú um nóttina og þangað til ákærði leyfði henni að fara, um klukkan sjö um morguninn. Dró ákærði ekki í efa að hann hefði valdið þeim áverkum sem brotaþoli reyndist vera með í andliti og á hálsi.

Aðrir en ákærði og brotaþoli eru ekki til frásagnar um atvik. Þeim ber saman um að brotaþoli hafi ekki verið með áverka eftir að hún lauk kynlífsþjónustu við ákærða. Fyrir liggur læknisvottorð og matsgerð réttarmeinafræðings. Staðfesta þau gögn að brotaþoli var við skoðun með þá áverka sem greinir í ákæru og er hún, með hliðsjón af útliti áverkanna, talin hafa hlotið þá innan þeirra tímamarka sem atлага ákærða er talin hafa átt sér stað. Í framburði réttarmeinafræðingsins kom fram að áverkum á andliti brotaþola hefði verið valdið með a.m.k. tveimur höggum og útilokaði hann ekki að þeir gætu verið eftir högg með handarbaki eins og ákærði lýsti. Af málgögnum má ráða að mikill stærðar- og styrkleikamunur var á ákærða og brotaþola. Báru þau bæði um að ákærði hefði verið mjög reiður og misst stjórn á sér þegar brotaþoli vildi ekki endurgreiða honum og hefði hann þá ráðist á brotaþola. Þá taldi réttarmeinafræðingurinn að áverkar annars staðar á líkama brotaþola gætu stafað af því að hún hefði fengið þar högg af minna mætti en á andlitið. Er það í samræmi við framburð brotaþola sem sagði ákærða hafa slegið hana þar, auk þess að hafa ítrekað ýtt henni. Ákærði neitaði því alfarið að hafa slegið brotaþola í líkamann. Sagði hann fyrir dómi að það hefði komið honum á óvart að brotaþoli hefði beinbrotnað í andlitinu en hann hefði slegið hana með *opinni hendi* beinlínis til að koma í veg fyrir að hann meiddi hana svona mikið. Kvaðst hann hafa hugleitt hvort brotaþoli gæti verið með beinþynningu. Við meðferð málsins kom ekkert fram sem staðfestir það, auk þess sem réttarmeinafræðingurinn bar um að beinþynning hefði almennt ekki sömu áhrif á andlitsbein og önnur bein. Samkvæmt framburði læknis sem skoðaði brotaþola eftir atvikið telur hann að töluvert afl þurfi til að valda brotum sem þessum á andlitsbeinum. Getur það samrýmst því að högginn hafi verið veitt í mikilli reiði. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi slegið brotaþola a.m.k. tvisvar sinnum í andlitið og telst ákærði því hafa slegið brotaþola endurtekið í andlitið. Þá telur dómurinn sannað með framburði brotaþola, vottorði læknis

og matsgerð réttarmeinafræðings og vætti framangreindra sérfræðinga að ákærði hafi slegið hana endurtekið í búk. Er það jafnframt mat dómsins að ákærði hafi valdið brotþola þeim áverkum sem í ákæru greinir og ekkert fram komið sem bendir til þess að brotþoli hafi veist að ákærða og þannig hlotið áverka.

Hvað varðar áverka á hálsi brotþola þá sagði réttarmeinafræðingurinn að áverkar þar og punktblæðingar bentu eindregið til þess að hún hefði verið tekin hálstaki. Hefði verið um eitt hálstak að ræða og gæti takið hafa færst til og því myndað umfangsmeiri áverka og geti slíkt jafnvel gerst við viðspyrnu brotþola. Þá gæti brotþoli hafa verið tekin hálstaki tvisvar. Kom fram hjá honum að útlit punktblæðinga bendi til þess að tekið hefði verið um háls brotþola á meðan hún var með hálsmen sem lenti á milli handar og hálsins. Af framburði réttarmeinafræðingsins og þess læknis sem skoðaði brotþola á bráðamóttöku verður ráðið að tak ákærða um háls brotþola hafi truflað blóðflæði til heilans og að áverkar á hálsi brotþola hafi verið töluverðir. Þá voru þeir sammála um að af áverkunum væri ekki hægt að fullyrða hvort takið hefði verið lífshótandi fyrir brotþola. Sagði réttarmeinafræðingurinn að áverkarnir gætu verið eftir tak með annarri hendi eins og ákærði heldur fram. Brotþoli sagði hjá lögreglu að ákærði hefði tekið hana hálstaki tvisvar eða þrisvar en fyrir dómi 10–20 sinnum, en ákærði hefur stöðugt borið um að hafa einungis tekið hana einu sinni hálstaki og að takið hafi varað mjög stutta stund. Í ljósi framangreinds telst sannað að ákærði hafi tekið brotþola hálstaki einu sinni. Framburður ákærða og brotþola er samhljóða um að hún hafi átt erfitt með að anda þegar ákærði hélt um háls hennar. Ákærði kvaðst hafa sleppt henni þegar hann áttaði sig á því. Þá liggur fyrir að ákærði var mjög reiður þegar hann veittist að brotþola. Í framburði réttarmeinafræðings kom fram að hálstak væri ávallt varhugavert og því lengur sem taki er haldið því meiri hættu væri á ferðum. Læknir sem skoðaði brotþola sagði að það væri mjög alvarlegt væri fólk væri með áverka eftir kyrkingartak. Er mat dómsins að hálstak ákærða hafa verið sérstaklega hættuleg aðferð í skilningi 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og að hending hafi ráðið því að afleiðingar urðu ekki alvarlegri. Er ákærði sakfelldur fyrir líkamsárás í samræmi við það sem greinir í ákæru utan þess að hann er einungis talinn hafa tekið brotþola hálstaki einu sinni.

Ákærði er einnig ákærður fyrir frelsissviptingu fyrir að hafa varnað brotþola útgöngu úr herberginu og svipt hana frelsi sínu í a.m.k. þrjár klukkustundir. Ákærði neitar sök hvað þetta varðar. Er brotið í ákæru talið varða við 1., sbr. 2. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. lagaákvæðisins skal hver sá sem sviptir mann frelsi

sínu sæta fangelsi í allt að fjögur ár. Í 2. mgr. þess segir að hafi frelsissvipting verið framin í ávinningsskyni eða verið langvarandi skuli beita fangelsisrefsingu ekki skemur en í eitt ár og allt að 16 árum eða ævilangt.

Ákærði kvaðst hafa tekið símann af brotþola eftir að hún lauk við að veita honum kynlífsþjónustu og sagði hana ekki hafa viljað fara án hans. Þá taldi brotþoli ákærða hafa læst hurðinni og að hún hefði ekki komist út án lykils en af framlögðum ljósmyndum verður ekki ráðið að lykil hafi þurft til að komast út úr herberginu væri því læst. Þá var framburður ákærða og brotþola samhljóða varðandi það að brotþoli hefði kastað af sér vatni í ruslafötu sem var inni í herberginu og staðfestu tveir lögreglumenn sem tóku þátt í húsleit í herberginu að þvag hefði verið í fötunni. Metur dómurinn ótrúverðugan þann framburð ákærða að brotþoli hefði ekki viljað fara á nálægt salerni þar sem þar hefði ekki verið salernispappír enda staðfesti ákærði að sambærilegur pappír hefði ekki verið í herbergi hans. Einnig hefur framburður hans verið á reiki varðandi það hvort brotþoli hafi óskað eftir því að fá að fara á salernið eða ekki. Þá bar brotþoli um að ákærði hefði einnig kastað af sér vatni í fötuna en ákærði neitaði því og kvaðst jafnframt ekki hafa farið út úr herberginu á meðan brotþoli var þar. Metur dómurinn það ótrúverðugt að ákærði hafi ekki þurft að kasta af sér vatni á þessum tíma og er þá sérstaklega litið til framburðar hans um að hann hefði tekið [...] og verið að drekka áfengi. Framburður ákærða hefur verið skýr um það að hann hafi haldið síma brotþola til að reyna að ná til baka þeim fjármunum sem hann greiddi brotþola fyrir kynlífsþjónustu.

Að virtu því sem rakið hefur verið telur dómurinn að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi svipt brotþola frelsi og haldið henni nauðugri í íbúð sinni í a.m.k. þrjár klukkustundir, eins og rakið er í ákæru. Er þá, auk framangreinds, horft til þess að sannað þykir að ákærði beitti hana ofbeldi á meðan, auk þess sem framburður ákærða og brotþola var samhljóða um að hann hefði verið ógnandi við hana. Þá liggur fyrir að brotþoli taldi að hún gæti ekki farið út úr herberginu án þess að ákærði næði til hennar. Breytir þannig engu þó að allt bendi til þess að hægt hefði verið að opna herbergishurðina með einu handtaki hafi hún á annað borð verið læst. Sagði ákærði að hann sæi það nú að hann hefði hindrað að brotþoli færi með því að taka af henni símann. Þá verður að telja það ólíklegt að brotþoli hafi viljað vera áfram hjá ákærða eftir að hún lauk þjónustu sinni við hann, ákærði beitti hana ofbeldi og reyndi að fá hana til að endurgreiða sér. Með háttsemi sinni skapaði ákærði aðstæður sem ollu því að brotþoli var ekki frjáls ferða sinna á þessum tíma. Er alfarið hafnað þeim framburði ákærða að brotþoli hefði

einungis verið hjá honum í klukkustund eftir að hún lauk við að veita honum kynlífsþjónustu enda ekkert fram komið sem styður þann framburð. Þá er fjarstæðukennt að ætla að brotaþoli hafi beðið í tvo til þrjá tíma með að fara út úr húsinu eftir að ákærði slepti henni úr herberginu. Er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi varnað brotaþola útgöngu úr herberginu og svipt hana frelsi eins og í ákæru greinir.

Ákærði hefur frá upphafi sagt að háttsemi hans hafi miðað að því að fá endurgreitt það sem hann hafði áður greitt brotaþola vegna kynlífsþjónustu. Í ákæru er ekki vísað til þess að ákærði hafi svipt brotaþola frelsi sínu í ávinningsskyni. Þá verður ekki talið að frelsissviptingin hafi verið langvarandi í skilningi 2. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Í samræmi við þetta verður ákærði sýknaður af broti gegn 2. mgr. 226. gr. en háttsemi hans heimfærð undir 1. mgr. sama lagaákvæðis.

Ákærði neitar því alfarið að hafa haft kynmök við brotaþola eftir að kynlífsþjónustu brotaþola lauk. Framburður brotaþola hefur verið stöðugur hvað það varðar að ákærði hafi þá ítrekað neytt hana til samræðis um leggöng og um endaparm og látið hana hafa við sig munnmök en hún minntist þess ekki fyrir dómi að ákærði hefði látið hana sleikja á sér endaparminn. Brotaþoli lýsti því ítrekað fyrir dómi að ákærði hefði haft við hana endaparmsmök á þessu tímabili sem hefðu reynst henni mjög sársaukafull og staðfesti sá læknir sem skoðaði hana á Neyðarmóttöku að svo geti verið án þess að áverkar sjáist á endaparmi. Varð brotaþoli mjög æst þegar hún lýsti þessum atvikum og m.a. sló hnefa annarrar handar ítrekað fast í hinn lófa sinn til áherslu og sagði ákærða hafa gert þetta mjög harkalega.

Framburður ákærða og brotaþola er ekki samhljóða hvað það varðar að þau hefðu notað verjur þegar ákærði keypti af henni kynlífsþjónustu. Fram kom hjá brotaþola að hún byði upp á mök án þess að verjur væru notaðar en verjur eða umbúðir utan af þeim fundust ekki á vettvangi. Þá ekkert er upplýst um það hvort verðlagning hennar hafi miðað við það að verjur yrðu notaðar en brotaþoli kvaðst þá setja upp hærra verð. Brotaþoli sagði hjá lögreglu að þau hefðu notað verjur þegar hún veitti honum þjónustu en fyrir dómi að hún myndi þetta ekki en ákærði sagði þau ekki hafa notað verjur. Eins og atvikum er háttað verður ákærði að njóta þess vafa sem uppi er um þetta og verður því við það miðað að þau hafi ekki notað verjur á þessu tímabili. Þá sagði ákærði fyrir dómi að hann hefði, á þessu tímabili, haft sáðlát tvisvar sinnum, einu sinni í leggöng brotaþola en viti ekki hvar sæði hans lenti í hinu tilvikinu. Brotaþoli sagði það sama fyrir dómi en hjá lögreglu sagði hún ákærða hafa fengið sáðlát einu sinni á þessu tímabili, í

leggöng hennar. Verður af framburði þeirra ráðið að þá hefði ákærði bæði haft samræði við hana um leggöng og endaparm. Brotapoli sagði hjá lögreglu að ákærði hefði ekki notað verjur þegar meint kynferðisbrot átti sér stað eftir að kynlífsþjónustunni lauk. Fyrir liggur að sæði fannst í leggöngum brotþola, endaparmi og á ytri kynfærum hennar. Í samræmi við framangreint staðfestir það sæði sem fannst í leggöngum brotþola ekki að ákærði hafi haft samræði við brotþola í leggöng á þeim tíma. Þá liggja ekki fyrir frekari gögn en framburður brotþola hvað það varðar að ákærði hafi þá látið brotþola hafa við sig munnmök og einungis framburður brotþola hjá lögreglu um að ákærði hafi látið hana sleikja á sér endaparminn. Við skoðun á kynfærum brotþola á Neyðarmóttöku reyndust ekki vera sjáanlegir áverkar og önnur þau gögn sem liggja fyrir geta ekki varpað frekara ljósi á þetta.

Framburður brotþola um að ákærði hafi haft endaparmsmök við hana eftir að þjónustu hennar lauk hefur verið trúverðugur og stöðugur. Fyrir liggur að sæði fannst í endaparmi brotþola og er ekki annað fram komið en það sé frá ákærða. Verður ekki af framburði þeirra ráðið að ákærði hafi fyrir þann tíma haft sáðlát í endaparm hennar.

Fyrir liggur að brotþoli var í miklu uppnámi eftir að hún kom frá ákærða. Má ráða þetta af framburði leigubifreiðastjóra sem fyrstur hitti hana eftir atvikið, læknis sem skoðaði hana á bráðamóttöku, starfsmönnum Neyðarmóttöku og lögreglu. Er það mat dómsins að framangreint styðji það að ákærði hafi veist að brotþola en ekki verður greint á milli þess hvort uppnám hennar stafaði af tilteknum verknaði ákærða. Augljóst var þó af framburði brotþola að barsmíðar ákærða og endaparmsmök ollu henni mikilli vanlíðan og sársauka.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála. Fyrir liggur vottorð sálfræðings sem brotþoli leitaði til og kemur þar skýrt fram að brotþoli bar öll einkenni þess að hafa orðið fyrir áfalli. Þá hefur framburður brotþola verið trúverðugur og stöðugur um þau atriði er máli skipta, eins og rakið hefur verið. Engu að síður liggja fyrir orð brotþola gegn orðum ákærða hvað varðar önnur meint kynferðisbrot en endaparmsmök. Eru frásagnir þeirra vitna sem báru um ætlað kynferðisbrot ákærða byggðar á frásögn brotþola og verða ekki taldar sjálfstætt gagn til sönnunar um þau brot. Ákærði verður því að njóta þess vafa sem uppi er um sekt hans hvað það varðar. Með

vísan til framangreinds verður ekki talið sannað þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi þvingað brotþola endurtekið til samræðis um leggöng, til að hafa við hann munnmök og til að sleikja á honum endaparminn, eins og lýst er í ákæru og verður hann því sýknaður af þeim brotum. Eins og rakið er hér að framan telur dómurinn sannað að ákærði hafi haft endaparmsmök við brotþola en engin gögn önnur en framburður brotþola eru fram komin til staðfestingar á því að það hann hafi gert það oftast en einu sinni. Eins og að framan er rakið telur dómurinn sannað að ákærði hafi áður veist að brotþola með ofbeldi, krafði hana um endurgreiðslu og tekið af henni símann. Má ætla miðað við framburð brotþola að hún hafi þá þegar beinbrotnað. Þá var ákærði að auki í yfirburðastöðu gagnvart brotþola vegna líkamlegra burða. Með vísan til framangreinds telur dómurinn sannað að ákærði hafi þvingað brotþola til samræðis með ofbeldi og ólögmætri nauðung og án þess að fyrir lægi samþykki hennar.

Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru, að teknu tilliti til framangreinds, og utan brots gegn 2. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Er brot ákærða að öðru leyti réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

IV

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 24. ágúst 2022, gekkst ákærði tvisvar undir greiðslu sektar með sektargerð lögreglustjóra á árunum 2011 og 2012. Þá var hann dæmdur í 30 daga fangelsi skilorðsbundið í tvö ár vegna þjófnaðar á árinu 2012 og til greiðslu sektar og til sviptingar ökuréttar með viðurlagaákvörðun héraðsdóms [...] 2022, vegna umferðarlagabrota og tilraunar til þjófnaðar. Brot þau sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir voru framin áður en viðurlagaákvörðunin var gerð. Verður ákærða því dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr. sömu laga, fyrir þau brot sem hann hefur nú sakfelldur fyrir.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til þess að atлага ákærða að brotþola var ofsafengin og gróf og að með háttsemi sinni olli hann brotþola alvarlegum líkamlegum áverkum og braut gegn kynfrelsi hennar og þeim trúnaði sem hún sýndi honum með komu sinni til hans. Megi telja mildi að ekki urðu enn alvarlegri afleiðingar fyrir brotþola. Ákærði framdi brot sín af eigingjörnum hvötum og skeytti engu um heilsu og velferð brotþola. Var ásetningur ákærða sterkur en hann frelsissvipti brotþola í um þrjár klukkustundir og beitti hana á þeim tíma líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Með

vísan til þessa verður við ákvörðun refsingar ákærða, til þyngingar, litið til 1., 2., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða til málsbóta er litið til þess að hann hefur sótt vímuefnaðferð og játað háttsemi sína að hluta, sbr. 5. og 8. tölulið sama lagaákvæðis. Á ákærði sér engar aðrar málsbætur. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni máls þessa og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár en til frádráttar dæmdri refsingu komi, með fullri dagatölu, óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 20. til 26. apríl 2021, sbr. 76. gr. sömu laga.

Af hálfu brotaþola er gerð krafa um miskabætur að fjárhæð 6.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur viðurkennt bótaskyldu en krefst þess að fjárhæð kröfunnar verði lækkuð. Eins og að framan er rakið hefur ákærði verið sakfelldur fyrir alvarleg brot gagnvart brotaþola sem er til þess fallið að valda miska. Hefur hann með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 gagnvart brotaþola. Líkt og fram kemur í sálfræðivottorði glímdi brotaþoli við einkenni áfallastreituröskunar eftir atvikið og samkvæmt framburði brotaþola fyrir dómi er hún enn að glíma við afleiðingar brotsins. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 3.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun á upphafstíma dráttarvaxta er við það miðað að bótakrafan var birt fyrir ákærða með fyrirkalli birtu 1. september 2022.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála greiði ákærði 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðra verjenda sinna, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, sem ákveðin er 1.395.000 krónur, og Þorgeirs Þorgeirssonar lögmanns, sem skipaður var verjandi ákærða á rannsóknarstigi, 382.500 krónur, og 2/3 hluta þóknunar réttargæslumanns brotaþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, sem ákveðin er 900.000 krónur, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá greiði ákærði 744.998 krónur í annan sakarkostnað í samræmi við framlögð yfirlit ákæruvaldsins.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjögur ár en til frádráttar dæmdri refsingu komi, með fullri dagatölu, óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 20. til 26. apríl 2021.

Ákærði greiði A 3.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. apríl 2021 til 1. október 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðra verjenda sinna, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, sem ákveðin er 1.395.000 krónur, og Þorgeirs Þorgeirssonar lögmanns, sem ákveðin er 382.500 krónur, og þóknunar réttargæslumanns brotþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, sem ákveðin er 900.000 krónur, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði 744.998 krónur í annan í sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)